

AÐALSKIPULAG HVALFJARÐARSVEITAR  
2020-2032

Greinargerð

21.10.2021





## UPPLÝSINGAR

---

### SKJALALYKILL

4563-010-SKY-001-V09

### HÖFUNDUR

Ásgeir Jónsson, Anna Bragadóttir, Berglind Sigurðardóttir, Guðrún Lára Sveinsdóttir, Gísli Gíslason, Einar Sindri Ólafsson, Ásbjörn Egilsson.

### RÝNT

---

Ingibjörg Sveinsdóttir – jún. 2021

Daníel Ottesen / stýrihópur – okt. 2021

Skipulagsfulltrúi Bogi Kristinsson - okt. 2021

Ásgeir Jónsson okt. 2021

## Samþykktir

HVALFJARÐARSVEIT

Aðalskipulag 2020-2032

Aðalskipulag þetta sem auglýst hefur verið samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar þann \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Aðalskipulagið var staðfest af Skipulagsstofnun þann \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

## SKIPULAGSFERLI

Lýsing var auglýst frá: \_\_\_\_\_ með athugasemdafresti til: \_\_\_\_\_

Aðalskipulagstillagan var kynnt frá: \_\_\_\_\_ til \_\_\_\_\_

Aðalskipulagstillagan var auglýst frá: \_\_\_\_\_ með athugasemdafresti til: \_\_\_\_\_

Aðalskipulagstillagan var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: \_\_\_\_\_

## EFNISYFIRLIT

<b>INNGANGUR</b>	<b>7</b>
<b>1.1 Skipulagsgögn og kortagrunnar</b>	<b>7</b>
<b>1.2 Mörk</b>	<b>8</b>
<b>FRAMTÍÐARSÝN</b>	<b>9</b>
<b>2.1 Stefna aðalskipulags</b>	<b>9</b>
<b>2.2 Umhverfi og yfirbragð byggðar</b>	<b>10</b>
2.2.1 Íbúðabyggð (ÍB)	11
2.2.2 Frístundabyggð (F)	13
<b>2.3 Þjónusta</b>	<b>17</b>
2.3.1 Samfélagsþjónusta (S)	17
2.3.2 Kirkjugarðar og grafreitir (K)	18
2.3.3 Íþróttasvæði (ÍÞ)	18
2.3.4 Stakar framkvæmdir	19
<b>2.4 Atvinnusvæði</b>	<b>21</b>
2.4.1 Landbúnaðarsvæði (L)	22
2.4.2 Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)	25
2.4.3 Verslunar- og þjónustusvæði (VP)	27
2.4.4 Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)	30
2.4.5 Athafnasvæði (AT)	31
2.4.6 Iðnaðarsvæði (I)	32
2.4.7 Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)	35
2.4.8 Hafnir (H)	38
<b>2.5 Svæði með takmörkunum</b>	<b>39</b>
2.5.1 Óbyggð svæði (ÓB)	39
2.5.2 Opin svæði (OP)	39
2.5.3 Strandsvæði (ST)	40
<b>2.6 Samgöngur</b>	<b>41</b>
2.6.1 Vegir	42

2.6.2 Göngu, reið- og hjólaleiðir	44
<b>2.7 Veitur</b>	<b>45</b>
2.7.1 Rafveita	46
2.7.2 Vatnsveita	47
2.7.3 Hitaveita	47
2.7.4 Fráveita	47
2.7.5 Fjarskipti	48
<b>2.8 Verndarsvæði og minjar</b>	<b>48</b>
2.8.1 Friðlýst svæði (FS)	49
2.8.2 Önnur náttúruvernd – náttúruminjaskrá (ÖN)	50
2.8.3 Minjavernd (MV)	50
2.8.4 Hverfisvernd (HV)	52
2.8.5 Vatnsvernd (VB)	53
2.8.6 Vatnsvernd á strandsvæðum við ár, vötn og sjó (VS)	55
<b>2.9 Náttúruvá (NV)</b>	<b>56</b>
<b>NIÐURSTAÐA UMHVERFISMATS ÁÆTLANA</b>	<b>57</b>
<b>3.1 Loftlagsmál</b>	<b>57</b>
<b>3.2 Strandsvæði – Hverfisvernd</b>	<b>57</b>
<b>4.1 Breikkun Vesturlandsvegur og bættar samgöngur</b>	<b>57</b>
<b>5.1 Landbúnaðarsvæði</b>	<b>58</b>
<b>6.1 Efnistökusvæði</b>	<b>58</b>
<b>7.1 Þéttbýli</b>	<b>58</b>
<b>SKIPULAGSFERLI</b>	<b>61</b>
<b>8.1 Skipulagslýsing</b>	<b>61</b>
<b>8.2 Samráð og kynning</b>	<b>62</b>
<b>8.3 Samráð við stofnanir og aðliggjandi sveitarfélög</b>	<b>63</b>
<b>8.4 Kynning aðalskipulagstillögu</b>	<b>63</b>
<b>8.5 Auglýsing skipulagstillögu</b>	<b>63</b>
<b>HEIMILDIR</b>	<b>64</b>

## MYNDASKRÁ

MYND 1. 46

## TÖFLUSKRÁ

TAFLA 1	Skilmálar fyrir íbúðabyggð í þéttbýli. _____	12
TAFLA 2	Skilmálar fyrir íbúðarbyggð í dreifbýli. _____	13
TAFLA 3	Skilmálar fyrir frístundabyggð. _____	15
TAFLA 4	Skilmálar fyrir samfélagsþjónustu. _____	17
TAFLA 5	Skilmálar kirkjugarða- og grafreit. _____	18
TAFLA 6	Skilmálar fyrir Íþróttasvæði. _____	19
TAFLA 7	Skilmálar fyrir landbúnaðarland. _____	23
TAFLA 8	Skilmálar á landbúnaðarlandi án tengsla við landbúnaðarstarfsemi _____	23
TAFLA 9	Skilmálar fyrir Skógræktar- og landgræðslusvæði. _____	26
TAFLA 10	Skilmálar fyrir Verslunar- og þjónustusvæði. _____	28
TAFLA 11	Skilmálar fyrir afþreyingar- og ferðamannasvæði. _____	30
TAFLA 12	Skilmálar fyrir athafnasvæði. _____	31
TAFLA 13	Skilmálar fyrir efnistöku- og efnislosunarsvæði. _____	36
TAFLA 14	Skilmálar fyrir hafnir. _____	38
TAFLA 15	Skilmálar fyrir opin svæði. _____	39
TAFLA 16	Skilmálar fyrir strandsvæði. _____	40
TAFLA 17	Stofnvegir. _____	42
TAFLA 18	Tengivegir. _____	43
TAFLA 19.	Háspennulínur. _____	46
TAFLA 20.	Friðlýst svæði. _____	49
TAFLA 21.	Svæði á náttúruminjaskrá. _____	50
TAFLA 22	Friðlýstar fornminjar skv. aðalskráningu fornminja. _____	51

TAFLA 23	Friðuð eða friðlýst hús og mannvirki. _____	52
TAFLA 24	Önnur hús og mannvirki sem njóta verndar. _____	52
TAFLA 25	Hverfisverndarsvæði. _____	53
TAFLA 26	Vatnsból. _____	54
TAFLA 27	Umhverfisþættir _____	59

## INNGANGUR



Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2020 – 2032 nær til alls lands sveitarfélagsins þ.m.t. til þéttbýlis í Melahverfi og Krosslandi. Heildarstærð skipulagssvæðis er um 481 km<sup>2</sup>.

Aðalskipulag er, skv. 28. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, „skipulagsáætlun fyrir eitt sveitarfélag og skal taka til alls lands innan marka sveitarfélagsins. Í aðalskipulagi er sett fram stefna sveitarstjórnar um þróun sveitarfélagsins varðandi landnotkun, byggðaþróun, byggðamynstur, sam-

göngu- og þjónustukerfi og umhverfismál. Í aðalskipulagi er lagður grundvöllur fyrir gerð deiliskipulags varðandi landnotkun, takmarkanir á landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi og byggðamynstur, þ.m.t. þéttleika byggðar“<sup>1</sup>. Aðalskipulagið er unnið skv. skipulagslögum nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Megin byggðin er í dreifbýli og lögð er áhersla á að halda í það byggðamynstur. Tvö þéttbýli eru skilgreind í sveitarfélaginu, Melahverfi (Hagamelur) og Krossland. Fjallað er um landnýtingu innan þeirra samhliða annarri landnýtingu í sveitarfélaginu, undir viðeigandi köflum.

### 1.1 Skipulagsgögn og kortagrunnar

Uppdrættir eru unnir á stafræna kortagrunna frá Landmælingum Íslands (IS50v) í mælikvarða 1:50.000, auk þess sem stuðst er við loftmyndir frá Loftmyndum ehf. Skipulagsgögn eru í hnitakerfinu ISN93.

Skipulagsgögn eru eftirfarandi:

- Aðalskipulagsuppdráttur fyrir Hvalfjarðarsveit í mkv. 1:50.000.
- Aðalskipulagsuppdráttur fyrir Melahverfi í mkv. 1:10.000.
- Aðalskipulagsuppdráttur fyrir Krossland í mkv. 1:10.000.
- Greinargerð með stefnu fyrir landnotkun.
- Forsendur og umhverfisskýrsla.

Landnotkun er afmörkuð á skipulagsuppdrætti. Svæði sem eru sýnd sem hringtákn geta verið allt að 5 ha að stærð.

---

<sup>1</sup> (Alþingi á.á.).

Auk skipulagsuppdráttar er skipulagsáætlunin sett fram á skýringaruppdráttum til að skýra forsendur og helstu þætti aðalskipulagsins. Eru þeir í viðauka í forsenduhefti eða greinargerð.

#### Skýringaruppdráttir í viðauka við forsenduhefti eru eftirtaldir:

- I. Flokkun landbúnaðarlands.
- II. Landbúnaðarsvæði L1-L3.
- III. Flokkun vega í náttúru Íslands skv. reglugerð um vegi í náttúru Íslands nr. 260/2018.
- IV. Fornminjar skv. aðalskráningu fornminja.
- V. Mat á ofanflóðaaðstæðum.
- VI. Verndarsvæði. Friðlýst svæði, önnur náttúruvernd, hverfisvernd og vatnsvernd.
- VII. Svæði sem sýna takmarkanir vegna vindorku.
- VIII. Fjarlægð íbúðarhúsa frá þjóðvegum.

## 1.2 Mörk

### Landamerki

Mörk jarða og landspildna eru sýnd á uppdráttum og eru eingöngu til skýringar. Jarðamörk eru eftir atvikum skv. upplýsingum frá landeigendum, sveitarfélagi eða Þjóðskrá.

### Sveitarfélagamörk

Sveitarfélagamörk Hvalfjarðarsveitar eru sýnd á uppdráttum að mestu eins og þau voru í Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008-2020. Sveitarstjórn telur að þau mörk séu ekki í öllum tilfellum rétt og mörk verða á skipulagstímanum yfirfarin og eftir atvikum leiðrétt í samráði og samvinnu við aðliggjandi sveitarfélög. Breyting er gerð á

sveitarfélagsmörkum milli Hvalfjarðarsveitar og Akraneskaupstaðar og verða þeim mörkum einnig breytt í aðalskipulagi Akraneskaupstaðar þannig að ekkert svæði lendi utan aðalskipulags. Akraneskaupstaður hefur sóst eftir því að landsvæði í eigu þess sveitarfélags sem hefur verið innan stjórnsýslumarka Hvalfjarðarsveitar verði innan stjórnsýslusvæðis Akraneskaupstaðar.

### Þéttbýli

Þéttbýlismörk eru dregin utan um Melahverfi annars vegar og Krossland hins vegar. Afmörkun beggja svæða breytist frá fyrra aðalskipulagi.

Krossland verður allt neðan Innnesvegar. Svæðið nýtur góðs af nálægð við Akranes.



## FRAMTÍÐARSÝN



Megin landnotkun í sveitarfélaginu er landbúnaður og iðnaðarstarfsemi, sem er óvída meiri en í Hvalfjarðarsveit. Landnýting fyrir ferðamennsku og afþreyingu er vaxandi.

*Samkvæmt landsskipulagsstefnu er gert ráð fyrir að skipulag í dreifbýli gefi kost á fjölbreyttri nýtingu lands s.s. til ræktunar, ferðaþjónustu og útivistar í sátt við náttúruna og landslag. Landnotkun skal styðja við búsetu og samfélag í dreifbýli með langtímasýn um ráðstöfun lands til nýtingar og verndar og samþættri stefnu um byggðapróun<sup>2</sup>.*

<sup>2</sup> (Skipulagsstofnun 2016)

### 2.1 Stefna aðalskipulags

*Megin stefna sveitarstjórnar er að vera ávallt í fremstu röð varðandi verndun umhverfis og náttúru, skapa góð skilyrði fyrir mannlíf og atvinnulíf til framtíðar og gera búsetu eftirsóknarverða.*

Markmið með gerð aðalskipulags er að stuðla að „skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi“ sbr. 1. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, lið b.

Í aðalskipulagi er sett fram stefna sveitarstjórnar varðandi landnotkun, byggðapróun, byggðamynstur, umhverfismál, samgöngu- og þjónustukerfi sveitarfélagsins til minnst 12 ára. Gildandi aðalskipulag skal yfirfarið í upphafi hvers kjörtímabils og nýrri sveitarstjórn ber skv. 35. gr. skipulagslaga, að meta hvort endurskoða skuli skipulagið.

Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar skal stuðla að hagkvæmri þróun byggðar á svæðinu, m.a. með því að skapa sem best skilyrði fyrir atvinnuuppbyggingu og blómlegt mannlíf til að gera búsetu á svæðinu eftirsóknarverða. Við skipulagsvinnuna er haft að leiðarljósi að efla byggð og gera svæðið ákjósanlegt til búsetu. Áfram verður stuðlað að öflugum landbúnaði, áframhaldandi fjölbreyttri iðnaðarstarfsemi og fjölbreyttum atvinnutækifærum s.s. við ferðaþjónustu, skógrækt, umhverfisvernd og heilsueflandi starfsemi.

Lögð er áhersla á eftirfarandi megin markmið:

- Að skapa loftlagsvæna byggð og að landnýting stuðli að heilnæmu umhverfi.
- Skipulag landnýtingar taki tillit til náttúruvár og loftslagsbreytinga.
- Kolefnisspor sveitarfélagsins vegna landnotkunar, binding og losun verði metin.
- Standa vörð um búsetu og atvinnulíf m.a. með því að stuðla að nýsköpun í landbúnaði, iðnaði, ferðaþjónustu, umhverfis- og heilsueflandi þjónustu og öðrum atvinnugreinum.
- Gott landbúnaðarland verður verndað.
- Gætt verði að lýðheilsu- og umhverfissjónarmiðum við skipulag svæða s.s. varðandi loftgæði, losun gróðurhúsalofttegunda og landslag og að landnýting sé í sátt við náttúruna.
- Standa vörð um gæði neysluvatns, andrúmslofts, líffræðilegan fjölbreytileika og viðkvæmar tegundir til að stuðla að áframhaldandi búsetu í sátt við náttúruna.
- Stuðla að eflingu atvinnulífs.
- Byggð verði hagað þannig að vegir og veitur nýtist sem best. Haldið skal í dreifbýlisyfirbragð byggðar á landbúnaðarlandi en meginuppbyggingu nýrrar byggðar verður beint að þéttbýli.
- Dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda m.a. með aukinni skógrækt og endurheimt votlendis.
- Unnið verði markvisst að markaðssetningu á svæðinu til að lengja dvöl gesta.
- Áhersla er á vandaðan frágang svæða og góða umgengni.

---

<sup>3</sup> (Skipulagsstofnun 2016).

- Allir íbúar búi við heilnæmt umhverfi þar sem mengun verði undir ströngustu mörkum á evrópska efnahagssvæðinu.
- Sérkenni náttúru verði varðveitt, þannig að íbúar og gestir geti notið þeirra gæða sem eru til staðar.

## 2.2 Umhverfi og yfirbragð byggðar

*Samkvæmt landsskipulagsstefnu ber sveitarfélögum að marka stefnu um gæði og yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja í dreifbýli. Þar segir enn fremur að ákvarðanir um staðsetningu og hönnun mannvirkja skuli taka mið af byggingarhefðum, landslagi og staðhättum. Gæta skuli að hagkvæmni varðandi samgöngur og veitur og að byggð skerði ekki að óþörfu gott landbúnaðarland eða svæði sem eru mikilvæg vegna náttúrufars<sup>3</sup>.*

Við skipulagsákvæðanir um landnotkun og við hönnun og uppbyggingu mannvirkja og svæða verði tekið mið af stefnu um umhverfi og yfirbragð. Stefna um umhverfi og yfirbragð byggðar gildir fyrir alla landnotkun í sveitarfélaginu.

### Stefna

- Utan þéttbýlis verður almennt haldið í dreifbýlisyfirbragð byggðar, s.s. eins og að byggingar verði ekki áberandi í landi vegna stærðar eða hæðar, né heldur myndi samfellda byggð eða götummynd á litlum samliggjandi lóðum.
- Fráveitukerfi verði ávallt hönnuð til að mæta kröfum um fullnægjandi hreinsun og ekki sé hætta á mengun jarðvegs, sjávar eða grunnvatns.

Sameiginlegar fráveitur verði þar sem þéttleiki byggðar og náttúru-  
farslegar aðstæður leyfa.

- Við hönnun mannvirkja verði lögð áhersla á að þau falli vel að landi og staðbundnum gæðum, þjóni tilgangi sínum vel og taki mið af því byggðamynstri sem halda skal í. Mannvirkjagerð leiði til eins lítillar röskunar og kostur er. Nýjar byggingar falli vel að eldri byggð og að mannvirki verði almennt ekki meira en 2 hæðir.
- Íbúar verði hvattir til að kynna sér vistvænar leiðir s.s. við efnisval fyrir nýbyggingar eða viðhald eldri bygginga m.a. vegna endingar, veðrunarpöls og áhrifa á umhverfi og loftslag.
- Ofanvatni af þökum og hörðu yfirborði verði miðlað í jarðveg í stað fráveitukerfis.
- Forðast skal óþarfa lýsingu og haft í huga að ljós valdi sem minnstum óþægindum. Tryggja skal að útilýsingu sé beint niður og að viðeigandi svæði og leitast við að lýsing valdi sem minnstum næturbjarma.
- Byggingum verði haldið vel við og ónýtar byggingar rifnar og fjarlægðar. Þó skal gætt að varðveislugildi bygginga með tilliti til menningar- og sögulegs gildis þeirra.
- Tryggja eftirlit með stöðuleyfum og að allir lausamunir s.s. afsettar bifreiðar, gámar og hjólhýsi hafi gild stöðuleyfi eða séu á skilgreindum athafnasvæðum.
- Lögð verður áhersla á góða umgengi með flokkun sorps og m.a. verði áhersla á jarðgerð lífræns úrgangs samhliða fræðslu til íbúa um lág-  
mörkun úrgangs.
- Komið verði fyrir endingargóðum bekkjum á völdum göngu- og hjóla-  
stígum og eftir atvikum á afþreyingar- og ferðamannasvæðum og opnum svæðum m.a. til að mæta þörfum mismunandi samfélagshópa.

- Við landmótun og frágang svæða, s.s. efnistökusvæða, afþreyingar- og ferðamannasvæða og vegfláa, verði staðargróður endurheimtur eins og hægt er.

### 2.2.1 Íbúðabygð (ÍB)

*„Svæði fyrir íbúðarhúsnæði og nærþjónustu sem því tengist, auk minniháttar atvinnustarfsemi sem samrýmist búsetu eftir því sem nánar er kveðið á um í stefnu skipulagsins“.*

Sveitarfélagið leggur áherslu á að skilgreind íbúðarsvæði verði í góðum tengslum við núverandi veitukerfi s.s. vegi, rafmagns- og ljósleiðara-  
tengingar. Við skipulag þeirra skal tryggja aðkomu og flóttaleiðir út frá öryggissjónarmiðum.

#### Almennir skilmálar fyrir þéttbýli

- Skipulag verði nýtt til að hvetja til hreyfingar í daglegu lífi og dregið verði úr ferðaþörf íbúa. Skapaðar verði góðar aðstæður fyrir vistvænan ferðamáta þar sem því verður við komið, s.s. með göngu- og hjólastígum.
- Íbúðarhús í þéttbýli skulu vera lágrest, á 1 – 2 hæðum.
- Gert ráð fyrir einbýlis-, rað- og parhúsum. Lóðastærðir verða að jafnaði 0,1 – 0,5 ha og nýtingarhlutfall 0,3 – 0,5. Þar sem um fjölbýli verður að ræða er heimilt að hafa nýtingarhlutfall 0,4 – 0,8.
- Atvinnustarfsemi er óheimil nema það sé sérstaklega heimilað í aðalskipulagi og eftir atvikum deiliskipulagi.

**TAFLA 1** Skilmálar fyrir íbúðabyggð í þéttbýli.

NR.	JÖRÐ	LÝSING OG SKILMÁLAR	HEILDARFJÖLDI ÍBÚÐA	ÓBYGGÐAR ÍBÚÐIR	NHL	STÆRÐ HA
ÍB4	Krossland	Svæðið er deiliskipulagt fyrir 31 lóð og af þeim eru tvær óbyggðar.	31	2	0,3-0,6	7
ÍB5	Krossland	Svæði til framtíðarnota. Unnið er að nýju deiliskipulagi. Gert er ráð fyrir einbýlis-, parhúsum, raðhúsum og fjölbýlishúsum. Hús geta verið á 1-2 hæðum. Skytt er að hafa samráð við Samgöngustofu og/eða Vegagerð varðandi lágmarksgólfhæð bygginga þar sem ástæða þykir til vegna landbrots og hækkandi sjávarstöðu.	124	124	0,3-0,6	6
ÍB7	Melahverfi	Svæðið er deiliskipulagt fyrir 36 lóðir. Svæðið er fullbyggt.	36	0	0,3-0,4	3
ÍB8	Melahverfi	Ekkert deiliskipulag er í gildi. Svæðið er fullbyggt.	18	0	0,3-0,4	4
ÍB9	Melahverfi 2	Hluti af svæðinu er deiliskipulagt fyrir 30 lóðir með 33 íbúðum, einbýlishús, parhús, raðhús. Hús skulu vera á 1 hæð.	33	4	0,23-0,44	4
ÍB10	Melahverfi	Ekkert deiliskipulag er í gildi. Gert er ráð fyrir blandaðri byggð einbýlis, parhúsa og raðhúsa. Hús skulu vera á 1 hæð.	48	48	0,1-0,4	7
<b>Samtals</b>						<b>31</b>

### Almennir skilmálar fyrir íbúðarbyggð í dreifbýli

- Ekki er gert ráð yfir nýjum íbúðarsvæðum í dreifbýli á skipulagstímanum.
- Þjónusta á íbúðalóðum utan þéttbýlis er sambærileg og á öðrum lögheimilum í dreifbýli, s.s. varðandi snjómokstur, skólaakstur og sorphirðu.
- Heimilt er að vera með minniháttar atvinnustarfsemi í dreifbýli, sem rúmast innan lóðar, sé það skilgreint í deiliskipulagi. Tryggja skal næg bílastæði innan lóðar til að anna starfseminni og takmarka ónæði.
- Tryggja sem best öryggi íbúa og gesta með því að heimila ekki byggð á skilgreindum hættusvæðum, s.s. vegna sjávarflóða, ofanflóða/hruns og tryggja sem best flóttaleiðir s.s. vegna mögulegra kjarr- og skógarelda.



**TAFLA 2** Skilmálar fyrir íbúðarbyggð í dreifbýli.

NR.	JÖRÐ	LÝSING OG SKILMÁLAR	FJÖLDI ÍBÚÐA	STÆRÐ HA
ÍB1	Hlíðarbær	Svæðið er deiliskipulagt og fullbyggt. Einbýlishús á 1-2 hæðum, með sambyggðum eða stakstæðum bílskúr. Lóðastærðir um 1.200 til 2.000 m <sup>2</sup> . Svæðið er um 3 ha að stærð.	11	≤5
ÍB2	Bjarkarás	Svæðið er deiliskipulagt fyrir 12 lóðir en þar af eru 3 óbyggðar. Heimilt er að byggja íbúðarhús á einni til tveimur hæðum, með sambyggðum eða stakstæðum bílskúr. Lóðastærðir eru á bilinu 5.000 til 15.000 m <sup>2</sup> .	12	14

### 2.2.2 Frístundabyggð (F)

*Svæði fyrir frístundahús, tvö eða fleiri og nærþjónustu sem þeim tengist, þ.m.t. orlofshús og varanlega staðsett hjólhýsi. Föst búseta er óheimil í frístundabyggðum.*

### Almennir skilmálar

- Föst búseta er óheimil í frístundabyggðum.
- Frístundabyggð verði sem mest á samfelldum svæðum þannig að vegir og veitur nýtist sem best.
- Heimilt er að byggja stök frístundahús, sbr. ákvæði í kafla 2.4.1.
- Þar sem fjórar eða fleiri lóðir eru samliggjandi skal skilgreina frístundasvæði.

- Ný frístundasvæði verði ekki stærri en 30 ha innan hvernar jarðar, uppbygging verði áfangaskipt og nýir áfangar verða ekki teknir til skipulagsmeðferðar fyrr en minnst 2/3 hlutar fyrri áfanga hafa verið byggðir.
- Frístundalóðir verða að jafnaði 0,5 til 2,0 ha. Nýtingarhlutfall er að jafnaði 0,03. Heildarbyggingamagn verður þó aldrei meira en 250 m<sup>2</sup>. Heimilt er að byggja þrjú hús á hverri lóð, þar af eitt frístundahús auk allt að 40 m<sup>2</sup> gestahúss og allt að 25 m<sup>2</sup> geymslu. Þessar byggingar teljast með í heildar byggingarmagni lóðar. Ekki er heimilt að stunda atvinnurekstur á frístundasvæði, nema það sé sérstaklega heimilað í aðalskipulagi. Komi fram ósk um atvinnurekstur s.s. gistingu eða aðra þjónustu þarf að skoða aðstæður á hverjum stað fyrir sig í samráði við landeigendur og lóðarhafa. Verði jákvæðar undirtektir við breytingu skal óskað eftir breytingu á aðalskipulagi. Gera skal grein fyrir slíkri starfsemi í deiliskipulagi.
- Heimilt er að gera ráð fyrir takmörkuðum atvinnurekstri á nýjum /óbyggðum frístundasvæðum, sé gert ráð fyrir því í deiliskipulagi byggðarinnar.
- Á þegar byggðum svæðum þarf samþykki allra landeigenda og lóðarhafa, innan skilgreindrar frístundabyggðar, til að heimila takmarkaðan atvinnurekstur. Gera skal ráð fyrir slíkum rekstri í deiliskipulagi svæðisins.
- Lögð er áhersla á að á frístundarsvæðum sé starfandi félag frístundahúsaeigenda. Slík félög skulu m.a. meta heimildir og skyldur varðandi byggðina, s.s. atvinnurekstur.
- Heimilt er að endurbyggja núverandi frístundahús sem eru í innan við 50 metra fjarlægð frá vatnsbakka (ár, vötn og sjór), ef bygging fer ekki nær vatnbakka en er í dag.
- Almennt er heimilt að staðsetja gáma fyrir heimilissorp innan frístundasvæða, eftir atvikum skal gera ráð fyrir staðsetningu í deiliskipulagi.
- Við gerð deiliskipulags skal vinna öryggisáætlun fyrir hvert svæði, í samráði við brunavarnir, þar sem m.a. verður gerð grein fyrir aðkomu slökkvibíla, aðgengi að slökkvivatni og mögulegum flóttaleiðum af svæðinu.
- Við næstu endurskoðun aðalskipulags verða felld út þau svæði sem ekki hafa verið deiliskipulögð og/eða eru óbyggð.
- Búfjárhald er ekki heimilt inna frístundabyggðar.
- Almennt er óheimilt að skipta upp eða sameina frístundalóðir í þegar byggðum frístundahverfum, nema í tengslum við heildarendurskoðun eða gerð nýs deiliskipulags.
- Ný svæði eru að jafnaði einungis heimil á landbúnaðarlandi í flokki L2 og L3.
- Innan frístundabyggðar er heimilt að vera með þjónustumiðstöðvar, smáverslanir og aðra starfsemi sem þjónar viðkomandi svæði.

**TAFLA 3** Skilmálar fyrir frístundabyggð.

NR.	JÖRÐ	LÝSING OG SKILMÁLAR	HEIMILAÐUR FJÖLDI LÓÐA	STÆRÐ HA
F1a	Bakki	Ekkert deiliskipulag er í gildi og svæðið er óbyggt.	17	17
F1b	Bakki	Ekkert deiliskipulag er í gildi og svæðið er óbyggt.	21	21
F2b	Beitistaðir	Svæðið er deiliskipulagt fyrir 20 lóðir. Gert er ráð fyrir sameiginlegu útivistarsvæði og trjálundi innan svæðis auk leiksvæði/boltavelli.	20	26
F2c	Beitistaðir	Ekkert deiliskipulag er í gildi og svæðið er óbyggt.	37	37
F3	Belgsholt	Ekkert deiliskipulag er í gildi og svæðið er óbyggt.	54	54
F4	Bjarteyjarsandur	Svæðið er deiliskipulagt að hluta fyrir 39 lóðir.	53	53
F5a	Brekka	Svæðið er deiliskipulagt fyrir 60 lóðir.	60	37
F5b	Brekka	Ekkert deiliskipulag er í gildi og svæðið er óbyggt.	34	34
F6	Efra-Skarð	Svæðið er deiliskipulagt að hluta fyrir 27 lóðir. Svæðið er óbyggt. Hluti svæðis er innan vatnsverndarsvæðis. Settir verða nánari skilmálar í deiliskipulagi.	56	56
F7a	Eyri	Svæðið er deiliskipulagt fyrir um 160 lóðir.	160	153
F7b	Eyri	Ekkert deiliskipulag er í gildi og svæðið er óbyggt.		5
F8	Eystra-Miðfell	Ekkert deiliskipulag er í gildi.	50	50
F9	Eystri-Reynir	Ekkert deiliskipulag er í gildi og svæðið er óbyggt.		4
F10	Vestri-Reynir	Ekkert deiliskipulag er í gildi.	31	31
F11	Ferstikla	Ekkert deiliskipulag er í gildi.	22	22
F12	Galtarholt	Ekkert deiliskipulag er í gildi og svæðið er óbyggt.	12	12
F14	Glamastaðir	Svæðið er deiliskipulagt fyrir 26 lóðir. Stofnaðar hafa verið 36 lóðir.	36	32
F15	Grafardalur	Ekkert deiliskipulag er í gildi og svæðið er óbyggt.		57
F17	Hafnarsel	Svæðið er deiliskipulagt fyrir 10 lóðir.	103	103
F18a	Hlíðarfótur	Ekkert deiliskipulag er í gildi og svæðið er óbyggt.	41	41
F19a	Höfn I	Ekkert deiliskipulag er í gildi og svæðið er óbyggt. Stofnaðar hafa verið um 13 lóðir á svæðinu.	17	171
F19b	Höfn I	Ekkert deiliskipulag er í gildi og svæðið er óbyggt.	40	40
F19c	Höfn I	Svæðið er deiliskipulagt fyrir um 40 lóðir.	40	23
F19d	Höfn I	Svæðið er deiliskipulagt fyrir 4 lóðir og er fullbyggt.	18	18
F20a	Höfn II	Svæðið er hluti af deiliskipulagi fyrir 103 lóðir.	103	53
F20b	Höfn II	Svæðið er hluti af deiliskipulagi fyrir 103 lóðir. Heimila má útleigu frístundahúsa með tilskildu rekstrarleyfi.		?

NR.	JÖRÐ	LÝSING OG SKILMÁLAR	HEIMILAÐUR FJÖLDI LÓÐA	STÆRD HA
F21a	Kalastaðakot	Svæðið er deiliskipulagt að hluta fyrir 11 lóðir.	83	83
F21b	Kalastaðakot	Ekkert deiliskipulag er í gildi og svæðið er óbyggt.	10	10
F21c	Kalastaðakot	Ekkert deiliskipulag er í gildi og svæðið er óbyggt.	7	7
F22a	Kalastaðir	Ekkert deiliskipulag er í gildi. Stofnaðar hafa verið 6 lóðir á svæðinu.	35	35
F22b	Kalastaðir	Svæðið er deiliskipulagt að hluta fyrir 49 lóðir. Stofnaðar hafa verið 12 lóðir á svæðinu.	124	124
F23a	Kambshóll	Svæðið er deiliskipulagt að hluta fyrir um 80 lóðir. Stofnaðar hafa verið um 80 lóðir á svæðinu.	82	82
F23b	Kambshóll	Svæðið er deiliskipulagt að hluta fyrir 3 lóðir og er fullbyggt.	17	17
F25	Leirá	Ekkert deiliskipulag er í gildi og svæðið er óbyggt.	34	34
F26a	Litla-Fellsóxl	Ekkert deiliskipulag er í gildi og svæðið er óbyggt.	17	17
F26b	Litla-Fellsóxl	Svæðið er deiliskipulagt að hluta fyrir 38 lóðir. Svæðið er óbyggt.	38	27
F26c	Litla-Fellsóxl	Ekkert deiliskipulag er í gildi og svæðið er óbyggt.	15	15
F27a	Litli-Botn	Ekkert deiliskipulag er í gildi og svæðið er óbyggt. Gert er ráð fyrir að frístundarbyggðin geti náð upp í allt að 100 m hæð y.s.	63	63
F27b	Litli-Botn	Ekkert deiliskipulag er í gildi. Búið er að byggja á 10 lóðum.	51	51
F28	Melkot	Ekkert deiliskipulag er í gildi og svæðið er óbyggt.	153	153
F29a	Narfastaðir	Svæðið er deiliskipulagt að hluta. Stofnaðar hafa verið um 60 lóðir á svæðinu.		196
F30a	Skorholt	Ekkert deiliskipulag er í gildi og svæðið er óbyggt.	2	2
F30b	Skorholt	Ekkert deiliskipulag er í gildi. Stofnaðar hafa verið 7 lóðir á svæðinu.	7	5
F31a	Stóri-Botn	Ekkert deiliskipulag er í gildi.	14	14
F31b	Stóri-Botn	Ekkert deiliskipulag er í gildi.	56	56
F32	Stóri-Lambhagi II	Ekkert deiliskipulag er í gildi. Stofnaðar hafa verið 4 lóðir á svæðinu. Heimild er fyrir allt að 8 lóðum á um 7 ha svæði.	8	7
F33	Svarfhóll	Svæðið er deiliskipulagt að hluta fyrir 109 lóðir. Stofnaðar hafa verið um 130 lóðir á svæðinu.	157	157
F34	Tunga	Ekkert deiliskipulag er í gildi. Stofnaðar hafa verið 3 lóðir innan svæðisins.	38	38
F35	Vestra-Miðfell	Ekkert deiliskipulag er í gildi. Ein lóð hefur verið stofnuð á svæðinu.		4
F36	Þórisstaðir	Ekkert deiliskipulag er í gildi. Stofnaðar hafa verið 74 lóðir á svæðinu.	88	88
F37	Hrafnabjörg	Ekkert deiliskipulag er í gildi og svæðið er óbyggt.	27	27
F38	Vestra-Súlunes	Frístundarbyggð. Ekkert deiliskipulag í gildi.	17	17
F39	Melaleiti	Frístundarbyggð. Ekkert deiliskipulag er í gildi. Gert er ráð fyrir tveimur frístundarlóðum á um 6 ha svæði.	6	6
		<b>Samtals</b>		<b>2500</b>

## 2.3 Þjónusta

### 2.3.1 Samfélagsþjónusta (S)

Svæði fyrir stofnanir og fyrirtæki sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, svo sem menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, menningarstofnanir, félagslegar stofnanir, trúarstofnanir og aðrar þjónustustofnanir ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.

#### Stefna

- Samfélagsþjónusta sé traust, öflug og mæti þörfum íbúa.
- Stuðlað verði að markvissri og heilðrænni heilsueflingu allra aldurs-  
hópa í samræmi við markmið um heilsueflandi samfélag.
- Núverandi þjónusta verði efl. Vel verði búið að söfnum og menningarstofnunum og sá auður sem í þeim felst verði nýttur til að laða að íbúa og gesti og miðla þekkingu um sögu og menningu svæðisins.
- Áfram verði stuðlað að góðri þjónustu fyrir íbúa í dreifbýli til að renna styrkari stoðum undir byggð.
- Áfram verði stuðlað að góðri öldrunarþjónustu og stutt við íbúa til búsetu á sínu heimili.

#### Almennir skilmálar

- Stærð lóða og heildarbyggingarmagn skal fara eftir umfangi og eðli starfsemi hverju sinni.
- Aðgengi fyrir alla að helstu stofnunum í sveitarfélaginu verði tryggt. Frágangur lóða skal vera vandaður svo lóðirnar nýtist til útiveru fyrir alla aldurshópa.

- Mannvirkjum verði haldið vel við og hugað að nærumhverfi þeirra.



TAFLA 4 Skilmálar fyrir samfélagsþjónustu.

NR.	NAFN	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRÐ HA
S2	Heiðarskóli og Heiðarborg	Á staðnum er skóli, íþróttahús, sundlaug, íþróttavöllur, leiksvæði ásamt íbúðum. Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu á skólatengdri starfsemi og stækkun á íþróttahúsi.	≤5
S3	Miðgarður	Félagsheimili og íþróttasvæði. Ekkert deiliskipulag er í gildi á svæðinu. Heimilt er að stækka félagsheimilið og sinna viðhaldi eða endurbótum eftir þörfum. Svæðið er um 0,5 ha að stærð.	≤5

NR.	NAFN	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRD HA
S5	Hallgrímskirkja	Kirkja og kirkjugarður í Saurbæ. Kirkjan er friðlýst. Heimilt er að byggja safnaðarheimili við kirkjuna, sinna viðhaldi og endurbótum á kirkju og stækka kirkjugarð eftir þörfum. Svæðið er um 1 ha að stærð.	≤5
S6	Leirárkirkja	Kirkja og kirkjugarður. Kirkjan er friðlýst. Heimilt er að byggja safnaðarheimili, sinna viðhaldi á kirkju og stækka kirkjugarð eftir þörfum. Svæðið er um 1 ha að stærð.	≤5
S7	Innra-Hólmskirkja	Kirkja, safnaðarheimili og kirkjugarður. Kirkjan er friðlýst. Heimilt er að sinna viðhaldi og endurbótum á kirkju og safnaðarheimili og stækka kirkjugarð eftir þörfum. Svæðið er um 1 ha að stærð.	≤5
S8	Krossland	Gert ráð fyrir leikskóla. Svæðið er ekki deiliskipulagt. Svæðið er um 1.3 ha að stærð.	≤5
S9	Melahverfi	Leikskóli og skrifstofa sveitarfélagsins. Heimilt er að stækka byggingar. Svæði er um 1 ha að stærð.	≤5
S10	Höfn	Sumarbúðir KFUK við Ölver. Ekkert deiliskipulag er í gildi á svæðinu.	6
S11	Vatnaskógur	Frístundabúðir fyrir ungmenni, samkomuhús, svefnskálar, íþróttahús, kapella. Svæðið er deiliskipulagt.	5
S12	Höfn	Viti við Þjófakletta, 11 m hár. Heimilt er að viðhalda mannvirkjum. Svæðið er um 0,5 ha að stærð.	≤5
		<b>Samtals</b>	<b>11</b>

### 2.3.2 Kirkjugarðar og grafreitir (K)

Í grein 6.2 í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, eru kirkjugarðar og grafreitir skilgreind sem „svæði fyrir kirkjugarða og grafreiti“.

Kirkjugarðar eru flokkaðir með kirkjum undir landnotkunarflokknum samfélagsþjónusta, enda eru kirkjugarðar í sveitarfélaginu við kirkjurnar.

**TAFLA 5** Skilmálar kirkjugarða- og grafreit.

NR.	NAFN	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRD HA
K1	Fiskilækur	Heimagrafreitir staðsettur suðvestan við íbúðarhús á Fiskilæk.	1,0

### 2.3.3 Íþróttasvæði (ÍÞ)

Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, er svæði fyrir íþróttasvæði skilgreint sem „svæði fyrir landfreka íþróttasvæði aðra en þá sem þjónar tilteknu hverfi, svo sem skeiðvelli og hesthúsabyggð, akstursíþróttasvæði, skotæfingarsvæði, golfvelli og stærri íþróttamiðstöðvar“.

#### Stefna

- Íþróttasvæði sé sem fjölbreyttust og aðstaða til íþróttaiðkunar verið eflað enn frekar.
- Skapaðar verði betri aðstaður fyrir alla aldurshópa til heilsuræktar, íþróttar- og tómstundarstarfs og útivistar.

- Stuðlað verði að góðu viðhaldi og góðri nýtingu á núverandi mannvirkjum.
- Börnum og unglíngum verði gert kleift að stunda íþrótt- og tómstundastarf við sitt hæfi óháð búsetu.

**TAFLA 6** Skilmálar fyrir íþróttasvæði.

NR.	NAFN	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRD HA
Íþ1	Eyri	Reiðvöllur.	1
Íþ7	Melahverfi	Hesthúsasvæði / reiðvöllur. Heimilt að byggja allt að 10 hesthús, hvert um sig allt að 120 m <sup>2</sup> . Svæðið er um 2 ha. að stærð.	≤5
Íþ8	Heynes	Golfvöllur. Svæðið er um 4 ha. að stærð.	≤5
		<b>Samtals</b>	<b>1</b>

### 2.3.4 Stakar framkvæmdir

Í grein 4.3.1. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, er fjallað um „hvernig farið skuli með stakar skipulagsskyldar framkvæmdir sem ekki er talin þörf á að afmarka sérstaka landnotkun fyrir, enda sé um að ræða framkvæmdir sem ekki eru taldar líklegar til að valda verulegum áhrifum á umhverfið. Hér er átt við smávirkanir, litlar spennistöðvar, minni háttar mannvirki, stök fjarskiptamöstur, stakar vindmyllur o.þ.h. Þetta getur einnig átt við um stök frístundahús, stök íbúðarhús og aðra mannvirkjagerð á landbúnaðarsvæðum án tengsla við búrekstur. Stefna um hvar eða við hvaða aðstæður framangreind mannvirkjagerð er heimil eða óheimil og aðrar skipulagsforsendur fyrir gerð deiliskipulags eða veitingu leyfa til framkvæmda“.

### Stefna

- Heimild til minni háttar framkvæmda sem styrkir samfélagið og atvinnustarfsemi, án umtalsverðra áhrifa.
- Auka umhverfisvæna orkunýtingu.

### Almennir skilmálar

Skilmálar þessir gilda almennt í sveitarfélaginu, m.a. á landbúnaðarlandi, óbyggðum svæðum, skógræktar- og landgræðslusvæðum. Heimilt er að byggja á stakstæðum lóðum/spildum til fastrar búsetu eða frístunda, sbr. kafla 2.4.1

Eftirtaldar framkvæmdir eru heimilar innan sveitarfélagsins án þess að afmarka landnotkun sérstaklega í aðalskipulagi. Þar sem farið er umfram þessi mörk skal skilgreina sérstaklega landnotkun fyrir umrædda framkvæmd. Gert er ráð fyrir að skoðað verði í hverju tilfelli fyrir sig hvort og þá hvar eftirfarandi stakar framkvæmdir verða heimilaðar. Áfram verður gerð krafa um deiliskipulag eða eftir atvikum grenndarkynningu, þá þarf framkvæmdaleyfi og/eða byggingaleyfi. Umfangsmeiri starfsemi skal vera, þar sem slík landnotkun er skilgreind.

- Örvirkjanir/litlar virkjanir til eigin nota og/eða í tengslum við þjónustustarfsemi, s.s. til að sjá stökum húsum eða fjarskiptasendum fyrir umhverfisvænni raforku. Slíkar virkjanir geta verið fjarri almennum veituleiðum.
- Vatnsaflsvirkjanir, ásamt aðstöðuhúsi, lögnum og vegi að virkjuninni. Stærð allt að 200 kW.
- Vindrafstöðvar þar sem raforkan er ætluð til staðbundinna nota. Vindrafstöðvar geta verið allt að 20 m háar miðað við miðju hverfils.

Einnig er gert ráð fyrir lögnum og vegum að þeim ásamt aðstöðuhúsi. Gert er ráð fyrir að skoðað verði í hverju tilfelli fyrir sig hvort og þá hvar vindrafstöðvar verða heimilaðar. Meðal annars verður tekið tillit til hljóðvistar og fjarlægðar frá landamerkjum, öðrum mannvirkjum, sýnileika og áhrifa á náttúru og landslag. Vindrafstöðvar verða þó aldrei heimilaðar innan þéttbýlis, á frístundasvæðum eða nær annarri byggð en í 300 metra fjarlægð.

- Önnur minni orkuvinnsla, undir 200 kW s.s. með nýtingu sólarorku, vetnis eða metans. Þó skulu sólarcellur aldrei verða stærrí 250 m<sup>2</sup> að flatamáli.
- Veitumannvirki s.s. spenní- og dælustöðvar fyrir vatns- og hitaveitu. Heimilt er að leggja lagnir í jörð eða ofanjarðar að fengnu samþykki landeiganda og uppfylltum þeim reglum og leyfum sem krafist er.
- Fjarskiptamöstur, allt að 20 m há ásamt aðstöðuhúsi, lögnum og vegum. Gert er ráð fyrir að skoðað verði í hverju tilfelli fyrir sig hvort og þá hvar fjarskiptamöstur verða heimiluð. Meðal annars verður tekið tillit til fjarlægðar frá landamerkjum, öðrum mannvirkjum, sýnileika og áhrifa á náttúru og landslag.
- Þjónustuhús og kynningaraðstaða. Heimilt er að gera áningarstaði við megin ferðaleiðir, s.s. göngu- og reiðleiðir og á áhugaverðum stöðum. Á slíkum stöðum er heimilt að setja upp upplýsingaskilti/kort og byggja þjónustuhús allt að 25m<sup>2</sup> sem getur t.d. verið snyrtiaðstaða og/eða aðstaða fyrir eftirlitsaðila. Þá er heimilt er að vera með áningarhólf fyrir hesta í tengslum við reiðleiðir.
- Heimilt er að koma upp minni söfnunarsvæðum fyrir sorp fyrir aðlæga byggð. Ávallt skulu slík áform grenndarkynnt fyrir íbúum í nágrenni svæðisins og öðrum hagsmunaaðilum.


- Eftirlits- og rannsóknastarfsemi s.s. tilraunaborholur, skoðun jarðefna, vinnubúðir vegna framkvæmda o.fl. er heimilt, enda fari slík starfsemi fram skv. reglum og þeim leyfum sem krafist er.
- Að jafnaði skulu lóðir skilgreindar undir stök mannvirki. Lóðastærðir skulu taka mið af umfangi mannvirkis og að jafnaði ekki fara yfir 1,0 ha.

Ganga skal vel frá mannvirkjum og allur frágangur og umgengni taka mið af umhverfinu. Útlit og ásýnd skal falla sem best að nánasta umhverfi (sbr. kafla 2.2.) s.s. með endurheimt staðargróðurs. Ganga þarf vel frá lögnum s.s. frárennsli og tryggja að ekki stafi mengunarhætta af framkvæmdinni.

## 2.4 Atvinnusvæði

*Samkvæmt landsskipulagsstefnu er gert ráð fyrir að skipulag í dreifbýli gefi kost á fjölbreyttri nýtingu lands, s.s. til ræktunar, ferðapjónustu og útivistar í sátt við náttúru og landslag. Landnotkun styðji við búsetu og samfélag í dreifbýli með langtímasýn um ráðstöfun lands til nýtingar og verndar og samþættri stefnu um byggðapróun. Einnig er gert ráð fyrir að flokkun landbúnaðarlands sé lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum.*

Atvinnusvæði í sveitarfélaginu eru nokkuð fjölbreytt, fyrir utan landbúnað tengjast þau aðallega iðnaðarstarfsemi. Starfsemi ferðapjónustu fer hægt vaxandi, þá sem verslunar og þjónustusvæði eða afþreyingar og ferðapjónustusvæði. Skógræktar- og landgræðslusvæði eru nýr landnotkunarflokkur sem tekur yfir þau svæði þar sem er samfelld skógrækt og landgræðsla. Einnig eru þó nokkur efnistökusvæði.



### 2.4.1 Landbúnaðarsvæði (L)

„Svæði fyrir landbúnað og mannvirki sem tengjast búrekstrinum, með áherslu á búfænað, matvæla- og fóðurframleiðslu.“

#### Almennir skilmálar

- Landnýting skal vera í sátt við náttúruna og ekki misbjóða henni með ofbeit, mengun eða á annan hátt. Landbúnaðarland verður áfram nýtt til landbúnaðar, einkum matvælaframleiðslu.
- Landbúnaðarlandi er skipt upp í þrjá flokka (L1, L2 og L3) sem hafa mismunandi skilmála sbr. töflu 7, en flokkun lands er ekki einhlít og getur landeigandi óskað endurmats á sínu landi eða hluta þess, telji hann flokkun ekki rétta.
- Heimilt er að byggja á landbúnaðarlandi án tengsla við landbúnaðarstarfsemi þ.m.t. til áhugabúskapar, sbr. töflu nr. 8.
- Stuðlað verði að kolefnisjöfnun í landbúnaði og bændur og aðrir landeigendur hvattir til að nýta sitt land til kolefnisbindingar. Leitast verði við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði m.a. með vinnslu og nýtingu umhverfisvænna orkugjafa, skógrækt og endurheimt votlendis.
- Halda skal í dreifbýlisyfirbragð í sveitarfélaginu, þ.e. ekki vera með samfellda byggð eða götumynd eða litlar samliggjandi lóðir. Ný íbúðarhús skulu vera innan við 1.500 m frá stofn- og tengivegum eða innan við 500 m frá núverandi héraðsvegum.
- Þar sem er föst búseta, þ.m.t. á stökum landspildum, er heimilt að stunda frístundabúskap eða minniháttar atvinnustarfsemi ótengdri landbúnaði. Byggingar fyrir slíka starfsemi geta verið allt að 1.200 m<sup>2</sup>.
- Heimilt er að vera með gistingu fyrir allt að 15 gesti. Tryggja skal aðkomu og að næg bílastæði séu innan lóðar til að anna starfseminni.



Verði um verulega starfsemi að ræða s.s. meiri hluti tekna viðkomandi, skal óska breytingar á landnotkun í aðalskipulagi.

- Ný lyktarmengandi starfsemi s.s. eldihús alifugla, loðdýra og svína skal staðsetja í ákveðinni fjarlægð frá annarri byggð, sem ekki tengist rekstrinum beint, sbr. reglugerð 520/2015. Staðsetningu eldishúsa skal skoða í hverju tilfelli fyrir sig og meta m.a. út frá áætluðum fjölda dýra, ríkjandi vindátt og náttúrufarslegum aðstæðum. Sérstaklega skal meta fjarlægðarmörk í nágrenni þéttbýlis og þjónustu- eða ferðamannastaða.
- Ný eldihús, sem krefjast starfsleyfis UST (skv. reglugerð) skulu vera á skilgreindu iðnaðarsvæði. Núverandi starfsemi sem fellur undir starfsleyfi UST verður felld undir iðnaðarsvæði við næstu endurskoðun aðalskipulags.

**TAFLA 8** Skilmálar á landbúnaðarlandi án tengsla við landbúnaðarstarfsemi

- gildir ekki um lóðir til reksturs landbúnaðar þ.m.t. íbúðarhús bónda/starfsfólks.

LAND-STÆRÐIR	HEITI	BYGGINGARMAGN	LÝSING OG SKILMÁLAR
0,25 - 2 ha	Skikar / lóðir	Nýtingarhlutfall lóðar 0,05. Hámarksbyggingarmagn innan lóðar er 250 m <sup>2</sup> .	Heimilt er að byggja stök frístundahús. Þær lóðir skulu vera utan verndarsvæða eða skilgreindra hættusvæða, auk L1. Verði frístundalóðir 4 eða fleiri samliggjandi skal skilgreina svæðið sem frístundabyggð.
2 ha og stærr	Skikar / lóðir	Nýtingarhlutfall lóðar getur verið 0,05 og að hámarki 5 byggingar.	Heimilt er að byggja íbúðarhús/bílskúr/gestahús skv. nhl. þó aldrei yfir 500 m <sup>2</sup> . Íbúðarhús skulu vera innan við 1.500 m frá stofn- og tengivegum eða innan við 500 m frá núverandi héraðsvegum.  Þar sem aðstæður leyfa er heimilt að byggja t.d. skemmu, gróðurhús, gripahús eða annað í samræmi við nhl., þó aldrei yfir 1.200m <sup>2</sup> .

Landbúnaðarsvæði í sveitarfélaginu hafa verið flokkuð í fjóra flokka I - IV, m.t.t. ræktunarhæfni (sjá Forsenduhefti, kafla 4.2 og Viðauka I). Meginmarkmið er að vernda gott landbúnaðarland til áframhaldandi matvælaframleiðslu. Út frá niðurstöðu flokkunarinnar er landbúnaðarsvæðum skipt í 3 flokka; L1, L2 og L3 og settir skilmálar fyrir hvern flokk.

**TAFLA 7** Skilmálar fyrir landbúnaðarland.

NR	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR
L1	Úrvals landbúnaðarland með takmörkuðum byggingarheimildum	Land sem er skilgreint sem úrvals landbúnaðarland (flokkur I sbr. kortlagningu), sléttlendi, frjósamur jarðvegur og nær grjótaust og hentar því vel til akuryrkju. <ul style="list-style-type: none"> <li>• Heimilt er að byggja upp í tengslum við núverandi bæjartorfur.</li> <li>• Ekki er heimilt að rjúfa samfellu á góðu landbúnaðarlandi með mannvirkjum eða samfelldri skógrækt. Í einhverjum tilfellum getur mannvirkjagerð verið heimil í jaðri svæða.</li> <li>• Afturkræfar framkvæmdir eru heimilaðar, s.s. tjaldsvæði, golfvöllir o.fl. þar sem ekki er um varanleg mannvirki að ræða. Það verður skoðað í hverju tilfelli fyrir sig m.t.t. líklegra áhrifa á nýtingu lands til matvælaframleiðslu.</li> <li>• Framkvæmdir í almannaþágu s.s. veitur og vegagerð er heimil.</li> <li>• Heimilt er að planta skjólbelum.</li> </ul>

NR	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR
L2	Annað landbúnaðarland	Land sem er skilgreint sem landbúnaðarland í flokki II-IV (sbr. kortlagningu <sup>4</sup> . Land að hluta til ágætt til akuryrkju, einkum land í flokki II sbr. kortlagningu (Viðauki I). <ul style="list-style-type: none"> <li>• Forðast skal að raska samfellu á góðu ræktunarlandi með mannvirkjagerð.</li> <li>• Heimilt er að byggja upp til fastrar búsetu, landbúnaðarstarfsemi og minniháttar atvinnustarfsemi ótengdum búrekstri.</li> <li>• Hluti svæða getur hentað vel til skógræktar, skjólbeltaræktunar eða endurheimtar votlendis.</li> </ul>
L3	Landbúnaðarland – starfsemi víkjandi	Megin landnýting verður áfram landbúnaður sem atvinnustarfsemi eða frístundabúskapur, þar til nýta þarf land til annarrar nota. <ul style="list-style-type: none"> <li>• Heimilt er að byggja upp landspildur til fastrar búsetu, eða annarrar starfsemi, sbr. almenna skilmála um landbúnaðarland.</li> <li>• Lóðarstærðir geta verið 0,5 – 10 ha. Nýtingarhlutfall skal þó aldrei fara yfir 0,2 en þó fari hámarksbyggingamagn á hverri lóð aldrei yfir 5.000 m<sup>2</sup>.</li> <li>• Hafa ber í huga, að landbúnaðarstarfsemi er víkjandi, ef nýta þarf land til annarra nota s.s. í tengslum við þéttbýlismyndun, þ.e. íbúðarsvæði eða aðra skilgreinda atvinnustarfsemi.</li> </ul>

Mikilvægt er að hafa í huga nákvæmni grunnagna við flokkun landbúnaðarlands. M.a. eru vistgerðakort og jarðvegskort unnin að miklu leyti með fjarkönnun þó að vettvangsathuganir hafi líka verið veigamikill

þáttur í vinnslu þeirra. Jarðvegskortið er gefið út í mælikvarðanum 1:250.000 en vistgerðakortið í 1:25.000. Þegar þessi gögn eru færð í sömu upplausn er eðlilegt að nokkur alhæfing og einföldun eigi sér stað. Hafa þarf nákvæmni grunnagna í huga þegar niðurstöður úr flokkun sem þessari eru túlkaðar því niðurstaðan getur aldrei orðið nákvæmari en gögnin sem notuð eru. Flokkun landbúnaðarlands er ekki einhlít og því þarf að gæta varúðar og jafnræðis með tilliti til hennar. Því kann að þurfa að endurskoða flokkun í ákveðnum tilfellum óski landeigandi eftir því.

#### Landskipti:

Heimilt er að skipta út stökum lóðum og/eða skipta jörðum. Með umsókn um landskipti til sveitarstjórnar skulu fylgja upplýsingar um fjölda og stærð lóða/spildna, áform um uppbyggingu, aðkomu og tíma-áætlun uppbyggingar, sé um slík áform að ræða. Við afgreiðslu umsókna um landskipti verður einkum litið til eftirtalinna þátta:


- Nýjar spildur séu í tengslum við og nýti þau veitu- og samgöngukerfi sem fyrir eru. Ekki verða heimiluð landskipti nema aðgengi að spildum frá þjóðvegi sé tryggt.
- Tekið sé tillit til hættusvæða, verndarsvæða og hvort um um gott landbúnaðarland sé að ræða.
- Fyrirhuguð uppbygging miði að því að halda í dreifbýlisyfirbragð í sveitarfélaginu.

- Ekki sé lokað almennum göngu- og reiðleiðum né aðgengi takmarkað að áhugaverðum stöðum eða svæðum.

Markmiðið með takmörkun á landskiptum er að leitast við að tryggja sem best hagkvæma nýtingu veitukerfa og að gott landbúnaðarland verði áfram nýtt til landbúnaðar og matvælaframleiðslu.

#### 2.4.2 Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)

*„Svæði fyrir skógrækt og landgræðslu, svo sem nytjaskógrækt, fjölnytjaskógrækt, landbótaskógrækt, skjólbelti, landgræðsluskógrækt, skipulagða landgræðslu og aðra uppræðslu.“*



#### Stefna

- Skógrækt og skjólbeltarækt verði nýtt til að bæta búsetuskilyrði og ræktunarmöguleika.
- Skógrækt verði eflað til útivistar, skjóls og bindingar kolefnis samhliða nýtingu skógarafurða.
- Landeigendur eru hvattir til að hefða útbreiðslu ágengra plöntu- tegunda, einkum á viðkvæmum svæðum.
- Stuðlað verði að útbreiðslu, varðveislu og endurheimt birkiskógavistkerfisins.

#### Almennir skilmálar

- Skilgreina skal skógræktar- og landgræðslusvæði, sé um að ræða samfellda ræktun á 10 ha svæði eða stærra.
- Huga skal að því við skipulag skógræktarsvæða að hvetja til beitar til að minnka sinu.
- Samfelld skógrækt skal ekki vera innan helgunarsvæða raflína.
- Við skipulag skógræktar skal huga að því að vernda landslag og ásýnd svæða og að skógur vaxi ekki fyrir góða útsýnisstaði.
- Hafa skal í huga að skógrækt valdi ekki snjósöfnun á vegum eða hindri vegsýn.
- Forðast skal skógrækt á votlendi m.a. til að viðhalda líffræðilegri fjölbreytni slíkra svæða.
- Heimilt að reisa byggingar tengdar skógræktarstarfseminni sbr. kafla 2.3.4.
- Landgræðslu- og skógræktaráætlanir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og taka mið af þeim verndarákvæðum sem þar eru sett fram, s.s vegna hverfisverndar, svæða á náttúruminjasrá,

friðlýstra svæða skv. lögum um náttúruvernd og friðlýstra fornminja skv. lögum um menningarminjar.

**TAFLA 9** Skilmálar fyrir Skógræktar- og landgræðslusvæði.

NR.	JÖRÐ	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRÐ HA
SL2	Stóra-Fellsöxl	Álfholtsskógur, skógræktarsvæði skógræktarfélag Skilmannahrepps. Opinn skógur. Svæðið stækkar talsvert að skógræktarsvæði Faxaflóahafna, m.v. það sem var í eldra aðalskipulagi.	279
SL3	Klafastaðir	Samningsbundið skógræktarsvæði.	65
SL4	Klafastaðir/Katanes	Skógræktarsvæði Faxaflóahafna. Ræktun á svæðinu er liður í kolefnisjöfnun vegna atvinnustarfsemi á Grundartanga. Stefnt er að aukinni skógrækt og að leggja göngustíga sem nýst geti bæði starfsmönnum og gestum.	153
SL5	Kalastaðir	Samningsbundið skógræktarsvæði.	147
SL6	Kalastaðakot	Samningsbundið skógræktarsvæði.	122
SL7	Litla-Fellsöxl	Samningsbundið skógræktarsvæði.	28
SL8	Ferstikla	Samningsbundið skógræktarsvæði.	112
SL9	Belgsholt	Samningsbundið skógræktarsvæði.	53
SL10	Höfn	Samningsbundið skógræktarsvæði.	199
SL12	Svarfhóll	Samningsbundið skógræktarsvæði.	91
SL13	Vallanes	Samningsbundið skógræktarsvæði. Tvö svæði inna sömu jarðar.	23
SL14	Melaleiti	Fyrirhugað skógræktarsvæði.	7
SL15	Melaleiti	Fyrirhugað skógræktarsvæði.	20
SL16	Brekka	Fyrirhugað skógræktarsvæði.	101
SL18	Melahverfi	Fyrirhugað skógræktarsvæði. Ekki er gert ráð fyrir byggingum innan skógræktar- og landgræðslusvæða í þéttbýlinu. Að fengnu	27

NR.	JÖRÐ	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRÐ HA
		samþykki sveitarstjórnar er heimilt er að reisa byggingar og mannvirki sem tengjast skipulagðri útivistar- og frístundaiðju, með því að afmarka áningarstaði t.a.m með grillaðstöðu.	
SL19	Kúludalsá	Fyrirhugað skógræktarsvæði. Stærð fyrirhugaðs svæðis er um 58 ha. Svæðið er skipt í tvennt. Ofan vegar er svæðið um 37 ha en um 21 ha á 4 svæðum neðan vegar.	56
SL20	Hlíðarfótur	Skógræktarsvæði.	25
SL21	Eyrarskjól	Ræktaður skógur.	46
SL22	Stóri-Lambhagi 2	Fyrirhugað skógræktarsvæði.	9
	<b>Samtals</b>		

### 2.4.3 Verslunar- og þjónustusvæði (VP)

*Svæði þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu, þ.m.t. hótélum, gistiheimilum, gistiskálum, veitingahúsum og skemmtistöðum.*

#### **Stefna**

- Stuðlað verði að nýjum atvinnutækifærum í dreifbýli á sviði verslunar og þjónustu. Þjónusta við ferðamenn verði eflað og möguleikum til afþreyingar fjölgað, til að fjölga atvinnutækifærum og renna styrkari stoðum undir byggðina.

#### **Almennir skilmálar**

- Stærð lóða og heildarbyggingarmagn skal fara eftir umfangi og eðli starfsemi hverju sinni.
- Með umsókn um ný verslunar- og þjónustusvæði skulu fylgja upplýsingar um fyrirhugaða uppbyggingu og tímaáætlun framkvæmda.
- Í deiliskipulagi verði skilgreint umfang og eðli verslunar- og þjónustusvæða. Þar verði skilgreind frekari uppbygging þjónustu. Lögð
- er áhersla á góðan frágang lóða. Bílastæði skulu vera innan hvernar lóðar og nægilega mörg til að anna þeirri starfsemi sem fer fram á lóðinni.

**TAFLA 10** Skilmálar fyrir Verslunar- og þjónustusvæði.  
Gerð er grein fyrir fjölda gistiþlássa þar sem það á við.

AUÐ- KENNI	NAFN SVÆÐIS	LÝSING OG SKILMÁLAR			STÆRÐ HA
VP1	Hótel Glymur	Hótel og veitingarekstur, gestahús og starfsmannahús. Á hótelinu eru 31 herbergi. Heimiluð er uppbygging fyrir allt að 120 gesti			16
VP2	Ferstikluskáli	Veitinga- og eldsneytissala. Engin gisting er á svæðinu í dag. Stærð svæðis er um 2 ha.			≤5
VP3	Hlaðir	Deiliskipulag er í gildi. Á svæðinu er félagsheimili og sundlaug. Veitingasala, Hernámssetur og tjaldsvæði. Stærð svæðis er um 1 ha.			≤5
VP4	Botnsskáli	Ekkert deiliskipulag er í gildi. Á svæðinu er gert ráð fyrir vandaðri uppbyggingu tengdri ferðaþjónustu s.s. hótél. Stærð svæðis er um 3 ha.			≤5
VP5	Skessubrunnur í Tungu	Ekkert deiliskipulag er í gildi. Veitingasalur fyrir 130 – 150 gesti. Stærð svæðis er um 0,5 ha.			≤5
VP6	Holtaflöt í landi Kirkjubóls.	Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir verslun og bensínafgreiðslu. Gert ráð fyrir smábátahöfn. Stærð svæðis er um 1 ha.			≤5
VP7	Gröf	Svæði við hringveg í landi Grafar. Fyrirhuguð verslun og bensínafgreiðsla. Stærð svæðis er um 1 ha.			≤5
VP8	Hótel Laxárþakki	Á svæðinu er gisting í 12 stúdíóíbúðum fyrir allt að 36 gesti og á gistiheimili fyrir allt að 18 gesti. Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir gistingu í 18 íbúðum, veitingasölu og íbúðarhúsi. Stærð svæðis er um 2 ha.			≤5
VP9	Móar	Á staðnum er íbúðarhús og 4 gestahús með gistingu fyrir 2-3 manns í hverju húsi. Unnið er að gerð deiliskipulags vegna frekari uppbyggingar tengdri ferðaþjónustu auk tjaldsvæðis. Heimilt verður að byggja þjónustuhús í tengslum við tjaldsvæði. Heimilt verður að stækka íbúðarhúsið í tengslum við ferðaþjónustu og byggja gróðurhús og vélargeymslu. Gert verður ráð fyrir gistingu fyrir allt að 50 gesti í íbúðarhúsi og gestahúsum. Stærð svæðis er um 2 ha.			≤5
VP10	Melahverfi	Gert er ráð fyrir verslun, veitingasölu og annarri afþreyingar- og þjónustustarfsemi fyrir íbúa og ferðafólk. Stærð svæðis er um 0,5 ha.			≤5
VP11	Laxá-veiðihús í Stóra-Lambhaga	Ekkert deiliskipulag er í gildi. Gisting í veiðihúsi fyrir 16 gesti. Stærð svæðis er um 2 ha.			≤5

AUÐ- KENNI	NAFN SVÆÐIS	LÝSING OG SKILMÁLAR			STÆRÐ HA
Vp12	Hótel Hafnarfjall	Deiliskipulag fyrir hótél með 60 gestum og veitingarekstur, gestahús og íbúðir fyrir starfsfólk auk tjaldsvæðis. Um 150 gistirúm eru á svæðinu.			≤5
Vp13	Efra - Skarð	Fyrirhuguð er uppbygging á heilsumiðstöð, m.a. er gert ráð fyrir heilsurækt, hugleiðsluhúsi og jógasetri með gístaðstöðu og matsal. Einnig er gert ráð fyrir þjónustubyggingu með veitinga- og gistiþjónustu í sumarhúsum og/eða þjónustuhúsi. Heildarbyggingarmagn getur verið allt að 1.200 m <sup>2</sup> og heimild fyrir allt að 80 gistirúm			19
Vp14	Forni stekkur 28- 32	Ferðaþjónusta. Á svæðinu eru 5 lóðir og búið að byggja 3 hús. Heimilt er að byggja tvö til viðbótar allt að 60 m <sup>2</sup> til rekstur ferðaþjónustu/gistingar. Á svæðinu er heimild fyrir allt að 20. Stærð svæðis er um 5 ha.			≤5
Vp15	Bjarteyjarsa ndur	Landbúnaðartengd ferðaþjónusta, veitingarekstur og tjaldsvæði.			≤5
Vp16	Þórisstaðir	Tjald- og hjólhýsasvæði. Á svæðinu er einnig níu holu golfvöllur. Ekkert deiliskipulag er í gildi. Heimilt er að byggja allt að 5 gestahús, hvert um sig allt að 60 m <sup>2</sup> .			≤5
Vp17	Stóri- Lambhagi IV	Tjaldsvæði á allt að 3 ha svæði. Heimilt er að byggja þjónustuhús- og veitingaaðstöðu, salernisaðstöðu og allt að 5 gestahús, hvert um sig allt að 60 m <sup>2</sup> . Ekki deiliskipulagt.			≤5
Vp19	Skólastígur 3	Á svæðinu er bygging sem áður var grunnskóli. Breytingar á núverandi húsnaði og nýbygging, sem fellur að nýtingu svæðisins heimil, s.s til uppbyggingar heilsutengdrar starfsemi og/eða öldrunarþjónustu. Heimilt er að hafa fasta búsetu á svæðinu.			≤5
		<b>Samtals</b>			

#### 2.4.4 Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)

*Svæði fyrir afþreyingu og móttöku ferðafólks, þ.m.t. þjónustumiðstöðvar á hálendi og verndarsvæðum, fjallaskálar, tjald- og hjólhýsasvæði og skemmtigarðar.*

##### Stefna

- Afþreyingarmöguleikum verður fjölgað ásamt því að efla þau tækifæri sem fyrir eru. Samhliða verða settar á almennar reglur um stýringu ferðamanna á ferðamannastöðum.
- Aðstaða og skipulag stuðli að góðri umgengni og sporni gegn hnignun svæða.
- Áningarstaðir verði útbúnir hjá áhugaverðum stöðum, einkum til að hlúa að náttúru-, sögu- og minjavernd og til að bæta aðgengi.
- Gert er ráð fyrir svigrúmi á öllum afþreyingar- og ferðamannasvæðum til að viðhalda núverandi mannvirkjum. Við endurgerð bygginga og/eða nýbyggingar verður metið hvort halda skuli í núverandi ásýnd og yfirbragð svæðis eða hvort horft verði til breyttrar ásýndar, m.a. til að aðlaga mannvirki betur að umhverfi og fyrirhugaðri notkun.

##### Almennir skilmálar

- Við uppbyggingu ferðamannasvæða verði gætt að samræmi í útliti bygginga og lögð áhersla á að mannvirki falli sem best að landslagi. Mannvirki skulu vera látlaus og nota skal byggingarefni sem þarfnast lítils viðhalds. Gerð er krafa um vandaðan frágang mannvirkja og að raskað svæði falli sem best að aðliggjandi landi, s.s. með endurheimt staðargróðurs.

- Við skipulag er mikilvægt að huga að staðaranda, öryggi og upplýsingagjöf, s.s. merkingum, greiðum samgöngum, nægum bílastæðum og vanda til göngustíga. Heimilt er að byggja upp aðstöðu fyrir snyrtingu og aðrar þjónustubyggingar.

**TAFLA 11** Skilmálar fyrir afþreyingar- og ferðamannasvæði.

NR.	NAFN	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRÐ HA
AF1	Botnsdalur	Áningarstaður við Glym, Breiðafoss og gönguleið yfir Leggjabrjót. Á svæðinu er bílastæði og göngustígar.	≤5
AF2	Bílaplan við Síldarmannagötur	Á svæðinu er bílastæði og minnisvarði við Síldarmannagötur, sem er gömul þjóðleið. Gert er ráð fyrir að komið verði fyrir upplýsingaskilti.	≤5
AF4	Hallgrímslind / Hallgrímssteinn	Sögustaður. Bílastæði er við Saurbæjarkirkju og gönguleið að steininum. Gert er ráð fyrir að komið verði fyrir upplýsingaskilti.	≤5
AF8	Akrafjall	Bílastæði við gönguleið upp á Akrafjall.	≤5
AF9	Hafnarfjall	Bílastæði við gönguleið upp á Hafnarfjall.	≤5
AF10	Heynes	Gert er ráð fyrir tjaldsvæði / hjólhýsa aðstöðu ásamt aðstöðuhúsi.	≤5
		Samtals	0

## 2.4.5 Athafnasvæði (AT)

Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, er athafnasvæði skilgreint sem „svæði fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun svo sem léttur iðnaður, hreinleg verkstæði, bílasölur og umboðs- og heildverslanir. Einnig atvinnustarfsemi sem þarfnast mikils rýmis, t.d. vinnusvæði utandyra á lóðum eða starfsemi sem hefur í för með sér þungaflutninga, svo sem vörugeymslur og matvælaiðnaður“.

### Stefna

- Unnið verður að eflingu fjölbreyttara atvinnulífs í formi smáiðnaðar í dreifbýli með því að efla og styrkja núverandi atvinnustarfsemi og skapa ákjósanleg skilyrði fyrir nýja atvinnustarfsemi, s.s framleiðslu- og matvælaiðnað og nýtingu glatorku.
- Stuðla að bættri nýtingu svæða til að renna styrkari stoðum undir byggð s.s. vegna geymslu tækja, smiðjur, verkstæði, partasölur og móttökusvæði fyrir sorp.

### Almennir skilmálar

- Stærð lóða og heildarbyggingarmagn skal fara eftir umfangi og eðli starfsemi.
- Ávallt skal beita bestu fánlegu tækni til að draga úr mengun frá athafnasvæðum, t.d. vegna loft-, hávaða- og rykmengunar. Ásýnd athafnasvæða skal ávallt vera til fyrirmyndar.
- Tryggja skal að lausafjármunir s.s. gámar, hjólhýsi og afsettar bifreiðar sem lagt er til lengri tíma hafi gild stöðuleyfi eða séu geymdir á skilgreindum athafnasvæðum. Stöðuleyfi eru veitt til eins árs.

**TAFLA 12** Skilmálar fyrir athafnasvæði.

NR.	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRD HA
AT1	Skipanes	Vélaverkstæði. Stærð svæðis er um 2 ha.	≤5
AT2	Litli-Sandur	Birgðageymslur. Stærð svæðis er um 1 ha.	≤5
AT3	Höfn	Á svæðinu er dæluhús fyrir hitaveitu. Deiliskipulag fyrir skemmu/áhaldaús. Stærð svæðis er um 0,2 ha.	≤5
AT4	Grundartangi	Svæðið er deiliskipulagt fyrir um 40 lóðir. Svæði fyrir hreinlega starfsemi, í sumum tilfellum hafnsækna s.s. vöruskemmur, lager, blöndunar- og pökkunarstöðvar. Landfylling og athafnasvæði vegna stækkunar Grundartangahafnar. Heimilt er að haugsetja efni frá starfsemi og mynda jarðvegsmanir.  Áfram verði unnið að samstarfi og samráði um þróun og uppbyggingu fráveitukerfis með það að leiðarljósi að innviðir á svæðinu uppfylli til framtíðar þarfir þeirrar starfsemi sem þar er og nýrrar starfsemi.	46
AT5	Grundartangi	Svæði til framtíðarnota. Hreinleg starfsemi. M.a. er heimilt að byggja allt 500 m <sup>2</sup> upplýsinga- og þjónustumiðstöð sem verður nánar skilgreind í deiliskipulagi.	35
AT6	Fellsendi	Skemmur / geymslusvæði. Heimiluð er bygging á allt að 5.500 m <sup>2</sup> geymslurými. Hugað skal að ásýnd svæðis s.s. mænishæð, afmörkun svæðis með gróðri, lýsingu og umgengi.	
AT7	Melahverfi	Grenndarstöð fyrir sorp. Stærð svæðis er um 0,5 ha.	≤5
AT8	Stóra-Fellsöxl	Svæði fyrir skemmur, vélar og tæki. Geymslusvæði.	≤5
AT9	Hólabrú 1	Verkstæði og aðstaða vegna námuvinnslu.	
AT10	Ytri Hólmur	Vatnstankur og sandsíuhús.	
AT11	Heynes	Vélaverkstæði og skemma. Hreinleg starfsemi.	

NR.	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRÐ HA
AT12	Narfabakki	Skemma/tölvuver, einnig heimiluð minniháttar orkuöflun s.s. með lágum vindmyllum og/eða sólarcellur.	≤5
		<b>Samtals</b>	<b>81</b>

#### 2.4.6 Iðnaðarsvæði (I)

*Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, er iðnaðarsvæði skilgreint sem „svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, þ.m.t. vatnsfallsvirkjanir, jarðhitavirkjanir, sjávarfallavirkjanir og vindmyllur, tengivirki, veitustöðvar, skólpdælu- og hreinsistöðvar, endurvinnlustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni“.*

#### Stefna

- Stuðla að föngun og bindingu CO<sub>2</sub> frá iðnaði í samvinnu við Faxaflóahafnir og þróunarfélag Grundartanga, s.s með frekari skógrækt, betri mengunarvarnarbúnaði og umhverfisvænum orkugjöfum til notkunar á bílum og skipum, s.s. rafeldsneyti.
- Stuðlað verði að skynsamlegri orkunýtingu. Mengun, s.s. í andrúmslofti, frárennsli eða vegna hávaða frá allri iðnaðarstarfsemi verði undir viðmiðunarmörkum skv. gildandi reglugerðum.
- Kannaðir verði fleiri og fjölbreyttri virkjanakostir í sveitarfélaginu s.s. nýting vindorku.

- Unnið verði að áframhaldandi uppbyggingu iðnaðarsvæðis á Grundartanga til að renna styrkari stoðum undir byggð á svæðinu, m.a. með áherslu á þróun yfir í „grænan iðnað“. Áhersla er lögð á að Grundartangasvæðið sé fyrirmynd annarra iðnaðarsvæða á landinu.
- Umhverfismál séu í takt við það besta sem gerist á heimsvísu og innviðir Grundartangasvæðisins styðji við og laði að fjölbreytta atvinnustarfsemi.

#### Almennir skilmálar

- Takmarkanir vegna þynningarsvæðis verða endurskoðaðar með endurnýjun starfsleyfa á svæðinu. Þynningarsvæði eru sýnd á aðalskipulagsupprætti en eru víkjandi á skipulagstímabilinu.
- Áfram verði dregið úr losun frá mengandi starfsemi, þ.á.m. losun flúors og brennisteinstvíoxíðs. Ekki verður heimil ný starfsemi sem losar flúor og brennisteinstvíoxíð.
- Leitað verði leiða til að bæta fyrirkomulag söfnunar og förgunar úrgangsefna m.a. til að draga úr urðun sorps. Unnið verði að úrbótum í sorphirðumálum, m.a. með skilvirkari flokkun sorps, endurvinnslu og endurnýtingu.
- Allt nýtt þauleldi, sem er háð starfsleyfi frá Umhverfisstofnun (sbr. lið 6.6 í viðauka I, regl. 550/2018) og/eða hefur farið í mat á umhverfisáhrifum, verður á skilgreindum iðnaðarsvæðum.
- Heimilt er að reisa stakar vindmyllur, allt að 35 m háar. Fjarlægðir vindmylla frá íbúðar- og frístundahúsum þurfa að vera nægjanlegar til að tryggja að hljóðvist og skuggaflökt sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Vindmyllur skulu almennt ekki vera nær byggð en sem nemur fjórfaldri hæð vindmyllu, það gildir þó ekki fyrir íbúðarhús jarðareiganda /vindrafstöðvareiganda. Vindmyllur skulu ekki vera

nær háspennulínun, tengivirkjum eða helstu vegum en sem nemur heildarhæð vindmyllunnar.

- Ekki verður tekin afstaða til breytinga aðalskipulags vegna vindlunda og/eða vindrafstöðva yfir 35 m nema fyrir liggi skilgreining svæðis í nýtingarflokki rammaáætlunar.

Umfangsmestu iðnaðarsvæðin eru á Grundartanga. Þynningarsvæði eru sýnd á uppdrætti en gert er ráð fyrir að á skipulagstímabilinu verði þau felld út samhliða endurnýjun starfsleyfa fyrirtækja á svæðinu, í samræmi við reglugerð.

Virkjanir yfir 200kW skulu að öllu jöfnu vera á skilgreindu iðnaðarsvæði. Í viðauka forsenduheftis er einnig að finna skýringaruppdrætti (VI og VII) sem sýna friðlýst svæði þar sem vindmyllur skulu ekki vera staðsettar og svæði þar sem þarf að skoða sérstaklega þ.e.a.s. mikilvæg fuglasvæði, óbyggð víðerni og þá er til upplýsinga búið að merkja inn 250 m fjarlægð frá vegum og háspennulínun, 1 km frá íbúðar- og frístundabyggingum ásamt áhugaverðum viðkomustöðum ferðamanna skv. kortlagningu Ferðamálastofu.



**TAFLA** Skilmálar fyrir iðnaðarsvæði.

NR.	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRD HA
11	Grundartangi	<p>Á svæðinu er fjölbreytt iðnaðarstarfsemi; Kísilmálmverksmiðja (Járnblendiverksmiðja) Elkem og álver Norðuráls. Auk þess er spennivirki Landsnets. Gert er ráð fyrir að á svæðinu geti byggst upp lítt mengandi, hafnsækinn iðnaður, s.s. endurvinnsla á álgjalli, brotaáli og stáli. Hugað verði sérstaklega að mengunarvörnum á svæðinu s.s. varðandi andrúmsloft, grunnvatn, jarðveg og sjó. Leitast verði við að nýta besta hreinsibúnað sem völ er á hverju sinni. Lýsing verði miðuð við þarfir og forðast skal ljósmengun.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Vinna áfram í samstarfi við Faxaflóahafnir að nauðsynlegri vatnsöflun vegna Grundartanga og skoða möguleika á iðnaðarvatnsveitu í samstarfi við Faxaflóahafnir og fyrirtæki á svæðinu.</li> <li>• Að vinna áfram að góðu samstarfi og samráði við Faxaflóahafnir um þróun og uppbyggingu fráveitukerfis með það að leiðarljósi að innviðir á svæðinu uppfylli til framtíðar þarfir þeirrar starfsemi sem þar er og nýrrar starfsemi.</li> <li>• Frekari uppbygging er heimiluð þar sem tækifæri eru til að nýta frekari úrgangsefni sem til falla frá iðnaði sem gæti nýst öðrum sem auðlind. Möguleikar gætu t.d. verið í betri nýtingu á því kalda vatni sem til er.</li> <li>• Bestu fáanlegu tækni sem uppfyllir BAT staðal skal ávallt beitt til að draga úr mengun frá iðnaðarsvæðum. Ásýnd og umgengni iðnaðarsvæða skal ávallt vera til fyrirmyndar.</li> <li>• Ekki er heimilt að hefja nýja starfsemi sem hefur í för með sér losun flúors eða brennisteinstvíoxíð og stefnt skal að því að draga úr núverandi losun eins og kostur er.</li> <li>• Í gildi er samkomulag milli Hvalfjarðarsveitar og Faxaflóahafna um grænar áherslur í starfsemi, uppbyggingu, gatnagerð og frágangi lóða á Grundartanga, dags. 06.05.2015, sem ber að horfa til við skipulag innan svæðis.</li> <li>• Gert er ráð fyrir uppbyggingu innan svæði fyrir umhverfisvæna orkugjafa, sem nýtt gæti núverandi hafnaraðstöðu eða með stækkun hafnarinnar.</li> <li>• Nýlegt yfirbyggt spennivirki er á Klafastöðum við Grundartanga var tekið í notkun 2014.</li> </ul>	218
12	Brennimelur	Tengivirki Landsnets og þjónustubýggingar vegna reksturs þess. Ekki er gert ráð fyrir annarri starfsemi. Stefnt er að því að lagfæra lýsingu svæðis, leitast við að nota lýsingu sem veldur sem minnstum nætur bjarma. Byggt verður yfir hluta eða allt tengivirkið.	7
13	Hrafnabjörg	Hitaveituhola. Vinnsluhola þjónar stórum hluta Hvalfjarðarstrandar og Svínadals.	1
14	Mið-Sandur	Deiliskipulag fyrir olíubirgðastöð. Á svæðinu eru fjórir niðurgrafnir olútankar, varnarþró og olúskilja. Einnig vélageymsla, skrifstofa o.fl. Heildarrúmmál olútankanna er allt að 40 þús. tonn. Ekki verður um frekariuppbyggingu iðnaðarstarfsemi að ræða á svæðinu.	16
15	Litli-Sandur	Á svæðinu er olíubirgðastöð og mannvirki tengd henni. Svæðið er deiliskipulagt. Heildarrúmmál olútankanna er allt að 50 þús. tonn. Ekki verður um frekari uppbyggingu iðnaðarstarfsemi að ræða á svæðinu.	12
16	Grundartangi	Svæði til uppbyggingar fyrir umhverfisvæna iðnaðarstarfsemi s.s. orkuframléiðslu, sem nýtt gæti núverandi hafnaraðstöðu eða með stækkun hafnarinnar.	16
110	Eystri-Leirárgarðar /Leirá	Borholur vegna hitaveitu. Að hluta til einkaveita fyrir bændur á Leirárgörðum.	1
111	Leirá	Borhola sem þjónar Heiðarskóla auk nálæggra byggða.	
		<b>Samtals</b>	<b>271</b>

#### 2.4.7 Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)

Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, eru efnistöku- og efnislosunarsvæði skilgreind sem „svæði þar sem ráðgert er að taka, vinna eða losa jarðefni. Efnistökusvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka eða efnisvinnsla, svo sem malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám. Efnislosunarsvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er landfylling eða losun jarðefna, sem eru hrein og ómenguð, svo sem jarðefni sem til falla vegna byggingarframkvæmda“.

##### Stefna

- Efnistaka verður takmörkuð við núverandi svæði til að vernda sem mest lítt raskað land í sveitarfélaginu. Jafnframt verður gengið frá þeim efnistökusvæðum sem ekki eru í notkun.
- Forðast skal efnistöku á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi, s.s. friðlýstum svæðum, svæðum á náttúruminjaskrá og hverfisverndarsvæðum.

##### Almennir skilmálar

- Vanda skal umgengi á vinnslutíma og tryggja sem best að ekki verði fok frá námum. Námur sem nýttar eru yfir lengra tímabil skal lokað eftir því sem kostur er, milli þess sem þær eru nýttar.
- Landeiganda er heimilt að taka efni til eigin nota án þess að fá framkvæmdaleyfi eða að náma sé skilgreind í aðalskipulagi. Efnistaka til einkanota skal vera utan skilgreindra verndarsvæða.
- Afmörkuð eru rúmlega 30 efnistökusvæði og gert er ráð fyrir áframhaldandi efnistöku á þeim svæðum sem þegar eru nýtt.



**TAFLA 13** Skilmálar fyrir efnistöku- og efnislosunarsvæði.

NR.	NAFN	LÝSING OG SKILMÁLAR	MAGN M <sup>3</sup>	STÆRD HA
E1	Bakki	Setnáma, sjávarkambur.	600.000	12
E2	Beitistaðir og Vogatunga	Setnáma árframburður.	6.000	0,5
E3	Eyri	Setnáma árframburður.	40.000	1
E4	Fellsendi	Setnáma malarkambur	200.000	14
E5	Vallanes	Setnáma sjávarframburður.	10.000.	1
E6	Grafardalur	Setnáma malarhjalli.	20.000	0,5
E7	Hlíðarfótur	Setnáma árframburður.	20.000	2
E8	Hlíðarfótur		20.000	2
E9	Höfn	Setnáma sjávarframburður.	700.000	1
E10	Höfn	Grjótnáma gosberg.	50.000	1
E11	Höfn	Setnáma malarkambur.	40.000	2
E12	Höfn II	Setnáma malarkambur, þarf að stækka, framkvæmdir utan svæðis.	200.000	5
E13	Innri-Hólmur	Setnáma malarkambur.	1.200.000	26
E14	Kirkjuból	Grjótnáma gosberg.	400.000	5
E15	Kirkjuból	Grjótnáma gosberg.	45.000	0,5
E16	Kjalardalur	Setnáma malarkambur.	400.000	4
E17	Kúludalsá	Setnáma malarkambur.	20.000	1
E18	Kúludalsá	Setnáma malarkambur.	40.000	2
E20	Leirá og Eystri-Leirárgarðar	Setnáma árframburður.	5.000	1
E21	Leirá og Eystri-Leirárgarðar	Setnáma árframburður.	8.000	0,5
E22	Litla Fellsöxl	Setnáma malarkambur.	200.000	15
E23	Litla Fellsöxl	Setnáma malarkambur.	10.000	0,5
E24	Litli-Sandur	Grjótnáma gosberg. Efnislosunarsvæði.	1.000	3
E25	Litli-Sandur	Grjótnáma gosberg.	70.000	1

NR.	NAFN	LÝSING OG SKILMÁLAR	MAGN M <sup>3</sup>	STÆRÐ HA
E26	Litli-Sandur/pyrill	Setnáma áframburður.	15.000	0,5
E27	Skorholt	Setnáma sjávarkambur. Efnismagn er 2,5 milljónir rúmmetrar.	800.000	12,5
E28	Stóra-Fellsöxl	Setnáma malarkambur. Efnistöku- og athafnasvæði.	1.200.000	26
E29	Ytri-Hólmur	Grjótnáma gosberg.	40.000	1
E30	Ytri-Hólmur	Setnáma malarkambur.	15.000	0,5
E31	Hrafnabjörg		25.000	2
E32	Hrafnabjörg		15.000	0,5
E35	Mið-Sandur		Vantar efnismagn	
E36	Bakka og Skorholts náma	Setnáma sjávarkambur.	1.400.000	5
		<b>Samtals</b>	<b>1.400.000</b>	<b>5</b>

### 2.4.8 Hafnir (H)


Í gr. 6.2 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 eru hafnir skilgreindar sem „svæði fyrir hafnir og hafnarmannvirki þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjum og tækjum til móttöku skipa og báta, losunar og lestunar þeirra, geymslu vöru, móttöku og afgreiðslu þessarar vöru til áframhaldandi sjó- eða landflutninga, til móttöku og brottfarar farþega og smábátahafnir“.

#### Stefna

- Unnið verði að rafvæðingu hafnarsvæða, með það að markmiði að öll skip geti tengst rafmagni meðan dvalið er í höfn.
- Tryggð verði fyrirtaks aðstaða fyrir flutningastarfsemi og aðra hafnsækna starfsemi.
- Bestu fánlegri tækni verði ávallt beitt til að draga úr mengun frá hafnarsvæðum. Tryggja skal virkan varnarbúnað gagnvart mögulegum óhöppum vegna olíuleka.
- Umhverfisásýnd hafnarsvæða skal ávallt vera til fyrirmyndar.
- Tryggja sem best að lýsingu sé beint að viðeigandi svæði og tryggja öryggi. Leitast við að nota lýsingu sem veldur sem minnstum nætur bjarma.

TAFLA 14 Skilmálar fyrir hafnir.

NR.	NAFN	LÝSING OG SKILMÁLAR SKÝRING
H1	Grundartangahöfn	Höfn sem þjónustar járnblendiverksmiðju, álverk-smiðju og annarri starfsemi á Grundartanga. Einnig er gert ráð fyrir almennri flutningastarfsemi og annarri hafnsækinni þjónustu. Núverandi hafnarbakkar eru alls 849 metrar og er mögulegt að lengja þá um allt að 700 metra. Aðstaðan annar eftirspurn í dag og eru möguleikar til framþróunar taldir góðir. Stærð svæðis er um 82 ha.
H2	Litla-Sandshöfn	Móttaka á hvalskipum og vinnsla á hvalafurðum. Svæðið er deiliskipulagt. Stærð svæðis er um 5 ha.
H3	Mið-Sandshöfn	Móttaka á olíuskipum. Á svæðinu er bryggja, dæluhús o.fl. fyrir móttöku olíuskipa. Svæðið er deiliskipulagt. Stærð svæðis er um 4 ha.



## 2.5 Svæði með takmörkunum

### 2.5.1 Óbyggð svæði (ÓB)

Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, eru óbyggð svæði skilgreind sem „svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir búsetu né atvinnustarfsemi, svo sem hálendi, heiðar og afréttir, að mestu án mannvirkja annarra en þeirra sem þjóna útivist, afréttarnotum, öryggismálum og fjarskiptum“.

Óbyggð svæði eru ofan byggðar í sveitarfélaginu s.s. á Akrafjalli, Botnsheiði, inn með Hvalfirði og ofan Svínadals, í Hafnarfjalli og Skarðsheiði.

#### Stefna

- Einungis verður heimiluð takmörkuð uppbygging á svæðinu, helst í tengslum við nýtingu þess og vegna öryggissjónarmiða.
- Stuðlað verður að verndun og endurheimt landgæða, s.s. með uppræðslu og skógrækt, þar sem þess þarf.
- Umferð og nýting lands verði undir þolmörkum viðkvæmra svæða.
- Verði áætluð uppbygging umfram það sem tilgreint er í kafla 2.3.4 um stakar framkvæmdir, skal breyta landnotkun í aðalskipulagi.

### 2.5.2 Opin svæði (OP)

Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, eru opin svæði skilgreind sem „svæði fyrir útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningarstöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar“.

#### Stefna

- Aðgengi að opnum svæðum verði bætt með góðu skipulagi, leiðbeiningum og aðgengilegum gönguleiðum.
- Íbúar hafi gott aðgengi að útivistarsvæðum og lítt snortinni náttúru. Skipulag taki mið af því að halda opnum gömlum og hefðbundnum göngu- og reiðleiðum og auðveldi aðgengi að áhugaverðum útivistarsvæðum og náttúrufyrirbærum.

#### Almennir skilmálar

- Heimilt er að setja upp bekki og leiktæki, leggja stíga, og setja upp upplýsinga- og þjónustusvæði sbr. kafla 2.3.4 um stakar framkvæmdir.

TAFLA 15 Skilmálar fyrir opin svæði.

NR.	JÖRÐ	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRD HA
OP1	Höfn	Tjaldsvæði, ferðaþjónusta og útivistarsvæði.	43
OP2	Höfn	Svæði fyrir gæludýragrafreiti.	5
OP3	Lyngholt	Útivistarsvæði.	11
OP4	Vogatunga	Útivistarsvæði.	86
OP5	Katanes	Útivistarsvæði við Katanestjörn.	127
OP6	Kalastaðakot	Tjaldsvæði, ferðaþjónusta.	6
OP7	Saurbær	Útivistarsvæði.	401
OP8	Saurbær	Útivistarsvæði í Vatnaskógi.	255
OP9	Kambshóll	Siglingaaðstaða við Eyrarvatn.	2
OP10	Kambshóll	Útivistarsvæði.	48
OP11	Þórisstaðir	Útivistarsvæði, siglingaraðstaða og skógrækt.	91

NR.	JÖRD	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRD HA
OP12	Melahverfi	Útivistarsvæði. Unnið er að gerð deiliskipulags. Innan svæðisins er gert ráð fyrir gönguleiðum sem tengja svæðið aðliggjandi íbúðarhverfum.	4
		Samtals	1079

### 2.5.3 Strandsvæði (ST)

*Í gr. 6.2 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 eru strandsvæði skilgreind sem „Svæði innan netlaga og meðfram sjó, ám eða vötnum þar sem aðgengi almennings er tryggt og mannvirkjagerð er haldið í lágmarki“.*

Strandsvæði eru að einhverju leiti aðgengileg en e.t.v. þarf að bæta aðgengi á sumum svæðum. Í öllum tilfellum er um að ræða fjörusvæði, kletta eða lítt gróin sandsvæði sem eru tilvalin til útivistar. Mikið fuglalíf er í fjörunni og fjölbreyttur fjörugróður og því mikilvæg búsvæði lífvera. Þá er framleiðni sjávar mjög mikil á strandsvæðum. Útivistargildi strandlengjunnar er ótvírætt mjög mikið.

Strandsvæði eru sýnd á skipulagsuppdrætti að stórstraumsfjöru, sbr. IS50 grunn gögn Landmælinga Íslands. Í samræmi við skipulagsreglugerð teljast strandsvæði ná að netlögum, sem að jafnaði er um 115 m út frá fjöruborði, þar sem er aðdjúpt.

#### Stefna

- Stuðla skal að viðhaldi vistkerfa og sjálfbærri nýtingu auðlinda. Lífríki og náttúra innan sveitarfélagsins verði vernduð og styrkt og unnið

gegn þeim hættum sem ógna því. Heimilt er innan strandsvæða að stunda landbúnaðarstarfsemi s.s. beit eða ræktun þar sem við á.

- Fjaran sé aðgengileg til útivistar, í samræði við landeigendur.
- Haldið verði áfram uppbyggingu sjóvarnargarða eftir því sem þarf og hugað að viðhaldi núverandi garða.

**TAFLA 16** Skilmálar fyrir strandsvæði.

NR.	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	
ST1	Ströndin sunnan Akrafjalls frá Innesi inn að Grundartanga	Strandsvæðið markast af íbúðarsvæði Krosslands og til austurs að athafnasvæði járnblendiverksmiðju. Fögur strandlengja með fjölbreyttu landslagi og ríku fuglalífi. Heimilt er að bæta aðstöðu til útivistar t.d. upplýsingaskilti	
ST2	Grunnafjörður	Svæðið hefur að geyma frjósaman jarðveg og er hentugt búsvæði fyrir villtar plöntur og dýr. Svæðið er mikilvægt fyrir viðhald á líffræðilegum og erfðafræðilegum fjölbreytileika.	
ST3	Strandsvæði Borgarfjarðar að Innvogsnesi	Víðáttumikið grunnsævissvæði, leirur og fitjar með miklu fuglalífi. Melabakkar eru sérstæð, veggbrött, allt að 30 metra há jarðvegslög, sem liggja meðfram fjörunni við Borgarfjörð, aðskilin frá sjó með stórgrýttu flæðarmáli. Þeir eru mikilvægir í jarðsögulegum skilningi þar sem þeir og grýtt fjaran bera merki stórfellds áflæðis af völdum sjávar í gegnum tíðina. Svæðið hefur mikið útivistar- og rannsóknargildi. Svæðið er líka innan hverfisverndar, sjá kafla 2.8.4.	

NR.	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	
ST4	Frá Katanes að Olíustöð	Til austurs markast svæðið af athafnasvæði olíustöðvar og til vesturs af athafnasvæði járnblendiverksmiðju. Fögur strandlengja með fjölbreyttu landslagi og ríku fuglalífi. Hluti svæðisins er á náttúruminjasrá. Svæðið er líka undir hverfisvernd sjá skilmála í kafla 2.8.4.	



<sup>5</sup> (Alþingi Íslands 2007).

<sup>6</sup> (Vegagerðin 2019).

## 2.6 Samgöngur

*Til samgangna teljast öll helstu samgöngumannvirki s.s. vegir, brýr, göngu-, reið- og reiðhjólaleiðir, flugvellir og flugbrautir. Samkvæmt 6. gr. vegalaga nr. 80/2007 skiptist vegakerfi landsins í þjóðvegi, sveitarfélagsvegi, almenna stíga og einkavegi. Þjóðvegir og sveitarfélagsvegir skulu mynda eðlilegt, samfellt vegakerfi til tengingar byggða landsins <sup>5</sup>.*

Skipting vegakerfisins í aðalskipulaginu er samkvæmt flokkunarkerfi Vegagerðarinnar í stofnvegi, tengivegi, landsvegi og héraðsvegi. Stofn og tengivegir eru taldir upp í töflum hér aftar í samræmi við vegaskrá<sup>6</sup>. Héraðsvegir og helstu slóðar eru sýndir aðalskipulagsupprætti. Auk þess er gerð grein fyrir vegum í náttúru Íslands, sbr. reglugerð nr. 260/2018.

Skipulagsáætlunin er í samræmi við núverandi vegakerfi Vegagerðarinnar og Samgönguáætlun 2020-2034<sup>7</sup>.

### Stefna

- Að stuðla að loftlagsvænum samgöngum og stuðla að breyttum ferðavenjum íbúa og vistvænum ferðamáta, t.a.m. með göngu- og reiðhjólástígum í dreifbýlinu.
- Efla og bæta almenningssamgöngur í samstarfi við Vegagerðina.
- Meginvegir verði byggðir upp og lagðir bundnu slitlagi. Haldið verði áfram endurbótum vega til þess að bæta öryggi vegfarenda, stytta vegalengdir og til að bæta samgöngur í sveitarfélaginu. Nýjum tengingum við þjóðveg verði haldið í lágmarki. Gert er ráð fyrir breiðum

<sup>7</sup> (Alþingi 2019a)

Vesturlandsvegur, undirgöngum og fækkun vegtenginga og lagningu hliðarvega.

- Vegtengingar að Melahverfi og við Leirársveitarveg nr. 504 verði endurhannaðar, m.a. út frá öryggissjónarmiðum.
- Þjónusta s.s. snjómokstur, hálkueyðing og heflun malarvega verði veitt í öllu sveitarfélaginu eftir þörfum.
- Stefnt skal að því að skipulag styðji við orkuskipti, s.s. hleðslustöðvar, metan-/vetnisstöðvar, og skapi eins og kostur er skilyrði fyrir samtengt kerfi samgangna.
- Stefnt er að tvöföldun Hvalfjarðarganga á seinni hluta skipulags-tímabilsins.

Skipulagsáætlunin er í samræmi við núverandi vegakerfi Vegagerðarinnar sem og Samgönguáætlun 2020-2034<sup>8</sup>.

### 2.6.1 Vegir

*Í gr. 6.2 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 er eftirfarandi skilgreining á vegum, götum og stígum „vegir, götur, helstu göngu-, reið- og hjólastígar og tengd mannvirki þ.m.t. mislæg gatnamót, undirgöng og göngubrýr og helgunarsvæði þeirra, svo sem stofn- og tengibrautir í þéttbýli og stofn- og tengivegir utan þéttbýlis“.*

Skipting vegakerfisins í aðalskipulaginu er samkvæmt flokkunarkerfi Vegagerðarinnar í stofnvegi, tengivegi og héraðsvegi. Eru þeir, allir nema héraðsvegir, taldir upp í töflum hér aftar í samræmi við vegaskrá<sup>9</sup>.

<sup>8</sup> (Alþingi 2019b).

<sup>9</sup> (Vegagerðin 2019).

Héraðsvegir og helstu slóðar eru sýndir á aðalskipulagsupprætti. Þá eru meginleiðir fyrir hjólréiðar sýndar auk göngu- og reiðleiða.

### Stofnvegir

*Samkvæmt 8. gr. vegalaga nr. 80/2007 þá teljast „stofnvegir vera vegir sem tengja saman byggðir landsins. Við það vegakerfi sem þannig fæst skal tengja þéttbýlisstaði með u.þ.b. 100 íbúa eða fleiri“.*

Nokkrir stofnvegir eru í sveitarfélaginu.

**TAFLA 17** Stofnvegir.

VEG-NR.	NAFN	LÝSING OG SKILMÁLAR
1	Hringvegur	Liggur milli nyrðri enda Hvalfjarðarganga og sveitarfélagamarka við Borgarbyggð, skammt sunnan Borgarfjarðarbrúar. Gert ráð fyrir að á skipulagstímanum verði Vesturlandsvegur breikkaður og vegtengingum fækkað, nákvæm útfærsla liggur ekki fyrir. Tryggja skal sérstaka hjólarein/hjólastíg með veginum og að reiðvegur færast fjær Vesturlandsvegi. Huga þarf að undirgöngum fyrir gangandi-, hjólandi og ríðandi vegfarendur. Einnig er gert ráð fyrir tvöföldun Hvalfjarðarganga með nýjum jarðgöngum og nýrri uppkomu <sup>10</sup> .
47	Hvalfjarðarvegur	Liggur frá sýslumörkum sunnan Botnsár að hringvegi norðan við Melahverfi. Tryggja skal sérstaka hjólarein/ bæta verulega öryggi hjólandi vegfarenda um Hvalfjörð.
51	Akrafjallsvegur	Liggur af Hringvegi við Hvalfjarðargöng á Akranes og norður á Hringveg við Melahverfi. Gert er ráð fyrir viðhaldi á veginum.

<sup>10</sup> (Alþingi 2019c).

VEG-NR.	NAFN	LÝSING OG SKILMÁLAR
506	Grundartangavegur	Liggur af Hringvegi við Melahverfi að hafnarsvæði Grundartanga. Gert er ráð fyrir viðhaldi á veginum.
5033	Hagamelsvegur	Liggur af Hringvegi að Lækjarmel. Gert er ráð fyrir að vegtenging við Vesturlandsveg verði endurhönnuð.

### Tengivegir

Samkvæmt 8. gr. vegalaga nr. 80/2007, m.s.br. þá eru tengivegir vegir utan þéttbýlis sem liggja af stofnvegi á stofnveg eða af stofnvegi á tengiveg og eru a.m.k. 2 km langir, vegir sem tengja landsvegi við stofnvegi, vegir sem ná til þéttbýlisstaða með færri en 100 íbúa og tengja þá við stofnvegakerfið, vegir að helstu flugvöllum og höfnum og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum utan þéttbýlis.

**TAFLA 18** Tengivegir.

VEG-NR.	NAFN	LÝSING OG SKILMÁLAR
5001	Botnsdalsvegur	Liggur frá Hvalfjarðarvegi að bílastæði við Glym.
520	Dragavegur	Liggur frá Hvalfjarðarvegi yfir Dragháls.
502	Svínadalsvegur	Liggur milli Hvalfjarðarvegur og Dragavegar.
503	Innnesvegur	Liggur af Akrafjallsvegi að Leynisbraut á Akranesi.
504	Leirársveitarvegur	Liggur af Hringvegi að Svínadalsvegi.
505	Melasveitarvegur	Liggur af Hringvegi hjá Skorholti á Hringveg hjá Belgsholti.

### Héraðsvegir og aðrir vegir

Samkvæmt 8. gr. vegalaga nr. 80/2007, m.s.br. nr. 14/2015 þá eru héraðsvegir „vegir sem liggja að býlum, starfrækslu atvinnufyrirtækja, kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum utan þéttbýlis, eru ákveðnir í staðfestu skipulagi og taldir upp í vegaskrá.

Landeigandi skal þó kosta og vera veghaldari síðustu 50 m að framangreindum stöðum ef vegur endar þar“.

Héraðsvegir og aðrir vegir s.s. að lögbýlum og frístundasvæðum eru sýndir á skipulagsuppráttum til skýringar en eru ekki taldir upp hér.

### Vegir í náttúru Íslands

Í 32. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, segir að sveitarfélög skuli gera í aðalskipulagi skrá yfir vegi þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil og hlýtur hún samþykkt samhlíða afgreiðslu aðalskipulags eða breytinga á aðalskipulagi. Vegagerðin skal halda utan um skrá um vegi í náttúru Íslands.

Vegir í náttúru Íslands hafa verið kortlagðir í samræmi við reglugerð og eru þeir sýndir á skýringarupprætti, Viðauki V. Hluti veganna eru sýndir á aðalskipulagsupprætti sem slóðar og þá eingöngu til skýringar. Skrá um vegi í náttúru Íslands er stafræn og krefst ekki breytingar á aðalskipulagi ef einhverra breytinga er þörf. Tilkynna skal Vegagerðinni um breytingar á skránni að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar.

Vegir þessir eru ávallt með takmörkunum og því er vélknúin umferð ekki heimil nema með heimild landeiganda og/eða veghaldara. Virða skal allar lokanir eða takmarkanir á umferð um þá.

Þrátt fyrir flokkun vega í náttúru Íslands er landeiganda ávallt heimil för um sitt heimaland s.s. vegna búskapar, girðinga, landgræðslu, plöntunar og annarrar landnýtingar.

## 2.6.2 Göngu, reið- og hjólaleiðir

*Samkvæmt 10. gr. vegalaga nr. 80/2007 þá teljast almennir stígar vera „...reiðstígar, göngu- og hjólreiðastígar sem ætlaðir eru almenningi til frjálstrar umferðar og haldið er við af fé ríkis eða sveitarfélaga“.*

Góðar stígar s.s. göngu- og hjólaleiðir eru mikilvæg grunnþjónusta við bæði íbúa og gesti sveitarfélagsins. Þær bjóða bæði upp á valkost í ferðamáta og gefa kost á útivist og heilbrigðu lífern. Mikilvægt er að byggja upp heildstætt kerfi göngu- og reiðleiða sem og hjólreiðaleiða í sveitarfélaginu öllu. Göngu, hjóla og reiðleiðir eru heimilar öllum vegfarendum öðrum en þeim sem eru á vélknúnum ökutækjum. Ávallt skal gæta að umferð á stígum og óvörðu landi valdi ekki spjöllum á gróðri og landi.

### Gönguleiðir

#### Stefna

- Möguleikar á vistvænum ferðamáta verða eflir m.a. með göngu- og reiðhjólástígum í dreifbýlinu. Gott og greiðfært grunnkerfi fyrir gangandi og hjólandi sem tengir saman þéttbýli og dreifbýli.
- Stefnt skal að gerð gönguleiða meðfram strandlínu, ám- og vötnum þar sem því verður við komið og í samráði við landeigendur. Æskilegt er að hluti gönguleiða tengist náttúru, sögu og menningu svæðisins.
- Gert er ráð fyrir göngu- og hjólástíg milli Melahverfis og Grundartanga. Mun hann nýtast íbúum til atvinnusóknar og útivistar. Stígurinn verði tengdur með undirgöngum við skógræktarsvæðið í Álfholtsskógi, vestan Vesturlandsvegur. Stígurinn mun liggja meðfram Eiðisvatni.

- Við hönnun og framkvæmd stíga verði stuðlað að góðri endingu þeirra og lágmarks þörf á viðhaldi s.s. með efnisvali. Þá verði þess gætt að þeir falli vel að landi og vandað verði til frágangs þeirra. Stefnt skal að aðskildum göngu- og hjólaleiðum þar sem því verður við komið.
- Gönguleiðir skulu vera merktar og stikaðar eftir því sem við verður komið og sett verða hlið/prílur á girðingar og skurðir/lækir brúaðir.

### Reiðhjóla- og fjallahjólaleiðir

#### Stefna

- Reiðhjólaumferð verði komið af helstu stofn- og tengivegum á sérstaka hjólástíga þar sem aðstæður leyfa og til að bæta öryggi. Komið verði fyrir heilsárs reiðhjólástígum í dreifbýli, fjarri akvegum, sem nýtist til útivistar og atvinnusóknar.
- Fjallahjólaleiðum verði komið upp í samvinnu við áhugafólk og landeigendur.
- Umferð fjallahjólreiða valdi ekki spjöllum á gróðurlendi eða sögu- og náttúruminjum.
- Gerð verði hringleið um Akrafjall í samvinnu við Vegagerðina.

### Reiðleiðir

#### Stefna

- Unnin verði framkvæmdaáætlun fyrir reiðvegagerð sem felur í sér forgangsröðun verkefna.
- Unnið verður að því að aðskilja reiðstíga frá akandi umferð, eftir því sem unnt er.
- Meginreiðleiðir séu greiðfærar stærstan hluta ársins og malarbornar þar sem þess gerist þörf.

- Áningarhólf verði útbúin þar sem þess þarf og ekki er hætt á landspjöllum.

Göngu-, hjóla- og reiðleiðir eru sýndar á skipulagsupphætti en kunna í einhverjum tilfellum að hnika til við endanlega útfærslu.



## 2.7 Veitur

Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, eru veitur skilgreindar sem „vatnsveita, hitaveita, rafveita, fjarskiptalagnir- og mannvirki, fráveita og helgunarsvæði þeirra þegar það á við“.

### Stefna

- Í samráði við landeiganda er heimilt að reisa t.d. spennistöðvar og dæluhús fyrir vatns- og hitaveitu, ásamt lögnum og vegum, án þess að skilgreina sérstaka landnotkun.

### Almennir skilmálar


- Notast skal við blágrænar ofanvatnslausnir þar sem slíkt er hægt, sérstaklega innan þéttbýlis, til að draga úr álagi á fráveitukerfi og nýta sjálfbærar lausnir.

Almennt er gert ráð fyrir að veitur séu lagðar meðfram vegum og forðast skal að leggja þær innan verndarsvæða. Á upphætti eru sýndar stofnlagnir sem og rafstrengir/háspennulínur 66 kV og stærri.

## 2.7.1 Rafveita

### Stefna

- Íbúar og fyrirtæki hafi ávallt aðgang að öruggu dreifikerfi raforku.
- Sem flestar háspennulínur verði settar í jörð og þar sem háspennulínur eru ofanjarðar verði leitast við að draga úr sýnileika þeirra.
- Þrífösun rafmagns verði komið í botni Hvalfjarðar.
- Heimilt er að viðhalda og/eða endurnýja núverandi háspennulínur.



#### MYND 1.

Helgunarsvæði háspennulína skv. staðli ÍST EN 50341-3-12:2001.

Lagning strengja 33 kV eða minni skal tilkynnt til sveitarfélagsins og skal framkvæmdin unnin í samráði við landeigendur/umráðahafa lands.

Skipulagsáætlunin staðfestir núverandi flutningskerfi Landsnets og dreifikerfi RARIK.

TAFLA 19. Háspennulínur.

NAFN	LÝSING OG SKILMÁLAR
Brennimelslína 1	Liggur frá Geithálsi að Brennimel í Hvalfirði. 220 kV lína. Gert er ráð fyrir að línan verði endurbyggð sem 400 kV lína.
Sultartangalína 1	Liggur frá Sultartangavirkjun að Brennimel í Hvalfirði. 220 kV lína.
Sultartangalína 3	Liggur samsíða Sultartangalínu 1 frá Sultartangavirkjun að Brennimel í Hvalfirði. 220 kV lína en er byggð sem 400 kV lína.
Norðuráslína 1	Liggur frá tengivirki á Brennimel að Norðuráli. 220 kV lína.
Norðuráslína 2	Liggur frá tengivirki á Brennimel að Norðuráli. 220 kV lína.
Járblendilína 1	Liggur frá tengivirki á Brennimel að Norðuráli. 220 kV lína.
Akraneslína 1	Jarðstengur, liggur frá tengivirki á Brennimel að tengivirki á Akranesi. 66 kV.
Akraneslína 2	Jarðstrengur, liggur frá tengivirki á Akranesi að mastri nr. 24 skammt austan Berjadalsár. 66 kV.
Vatnshamralína 1	Liggur frá tengivirki á Brennimel að tengivirki í Vatnshömrum. 132 kV lína.
Vatnshamralína 2	Liggur frá tengivirki á Akranesi að Andakílsárvirkjun og að tengivirki í Vatnshömrum. 66 kV lína. Hafin er framkvæmd við lagningu línunnar í jörð og mun hún eftir það heita Akraneslína 2. Vatnshamralína 2 verður fjarlægð.
Holtavörðuheidarlína	Fyrirhuguð lína. 220 kV. Endanleg lega liggur ekki fyrir en áætlað er að hún verði samsíða Vatnshamralínu 1, að mestu, að nýlegu tengivirki á Grundartanga. Gert verður umhverfismat vegna línulagnarinnar, þ.m.t. endanlegrar legu.

### 2.7.2 Vatnsveita

#### Stefna

- Öll byggð í Hvalfjarðarsveit njóti nægjanlegs og góðs neysluvatns.
- Skoðaðir verða möguleikar á að koma á iðnaðarvatnsveitu fyrir Grundartangasvæðið með það í huga að tryggja nægt neysluvatn fyrir Grundartangasvæðið og Melahverfi.
- Unnið verður að því að efla þjónustu vatnsveitunnar, eftir því sem notendum vatns fjölgar.
- Að tryggja að gæði vatnsins uppfylli allar þær kröfur sem gerðar eru til neysluvatns.
- Skoðaðir verði möguleikar á frekara samstarfi við nágranna-sveitarfélög og fyrirtæki sem sérhæfa sig á sviði neysluvatns-mála.

#### Almennir skilmálar

- Heilbrigðiseftirlit getur, þar sem þörf krefur, krafist þess að brunnsvæði skuli afgirt.
- Að heimilt er að nýta kalt vatn (borholur) til einkanota, þar sem ekki er um eftirlitsskylda starfsemi að ræða.

### 2.7.3 Hitaveita

#### Stefna

- Sem stærstur hluti byggðar verði tengdur hitaveitu, m.a. verður leitast við að nýta betur orku frá Grundartangasvæðinu og eftir

atvikum ný vinnslusvæði. Leitast verði við að stækka dreifingasvæði fyrir hitaveitu þar sem því verður við komið, svo að sem flest heimil og atvinnustarfsemi hafi aðgang að heitu vatni.

- Að heimilt er að bora eftir heitu vatni (tilraunaholur) án þess að breyta aðalskipulagi. Slíkar framkvæmdir eru framkvæmda-leyfisskyldar.
- Sveitarfélagið styðji við og leiðbeini íbúum í sveitarfélaginu varðandi uppsetningu á varmadælum, þar sem ekki er kostur að tengjast hitaveitu, til að jafna aðstöðu íbúa.

#### Almennir skilmálar

- Heimilt er að virkja heitt vatn í byggð (borholur), allt að 2.500kW.

### 2.7.4 Fráveita

Lögð er áhersla á að öll byggð í sveitarfélaginu sé tengd viðurkenndum fráveitum og stendur sveitarfélagið fyrir losun þeirra.

#### Stefna

- Lögð er áhersla á að öll byggð og fyrirtæki í sveitarfélaginu sé tengd viðurkenndum fráveitum.
- Stefnt er að því að endurbæta fráveitukerfið þar sem á þarf að halda.
- Sveitarfélagið mun hafa forgöngu um samráð með Faxaflóahöfnum og stærstu lóðarhöfum um að leysa fráveitumál á svæðinu og marka stefnu um þau til framtíðar.

- Sameiginlegar fráveitur verði þar sem þéttleiki byggðar, landslag og náttúrufarslegar aðstæður leyfa.
- Tryggja skal, í samráði við rekstraraðila að öll losun atvinnustarfsemi á fráveitu- og mengunarefnum sé innan viðmiðunarmarka reglugerða.

#### Almennir skilmálar

- Tryggt aðgengi skal vera að rotþróm til tæmingar og förgun/nýting úrgangs verði með fullnægjandi hætti og í samræmi við kröfur heilbrigðiseftirlits.
- Þar sem viðtakinn er grunnvatn/ferskvatn skal vera ítarlegri hreinsun frárennslis.
- Í ákveðnum tilfellum skal skoða hvort gerðar séu ítarlegri kröfur til hreinsibúnaðar s.s nálægt vatnsverndarsvæðum eða þar sem grunnvatnsstaða er há.

Náttúrufarslegar aðstæður og stærðir lóða ráða mestu um hvernig eðlilegast er að útfæra fráveitur í dreifðum byggðum. Gert er ráð fyrir samveitum þar sem aðstæður leyfa. Þar sem lagning safnræsa þykir ekki álitlegur kostur, annaðhvort vegna þess að það hefur ekki umhverfisbætandi áhrif eða það hefur í för með sér óhóflegan kostnað, skal nýta önnur kerfi sem vernda umhverfið jafn vel sbr. 18. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skolp, m.s.br.

<sup>11</sup> (Alþingi Íslands 2015).

#### 2.7.5 Fjarskipti

##### Stefna

- Tryggja skal gott fjarskiptasamband í öllu sveitarfélaginu.
- Sendum fyrir fjarskiptakerfi verði fjölgað eftir því sem þörf krefur til þess að auka öryggi og lífsgæði íbúa í sveitarfélaginu.
- Haldið verði áfram uppbyggingu fjarskipta í sveitarfélaginu sem stuðlar að bættri þjónustu við íbúa og styrkir atvinnustarfsemi.
- Öll byggð og atvinnusvæði skulu eiga þess kost að tengjast ljósleiðara.
- Heimilt er að reisa allt að 20 m há fjarskiptamöstur í byggð og á hálendi ásamt aðstöðuhúsi, lögnum og vegum, án þess að skilgreina sérstaklega landnotkun.

#### 2.8 Verndarsvæði og minjar

*Samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 þá teljast náttúruverndarsvæði vera; A) friðlýst svæði og afmörkuð búsvæði friðaðra tegunda. B) Svæði og náttúrumyndanir á B og C hluta náttúruminjasrár. C) Afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar samkvæmt öðrum lögum vegna náttúru eða landslags<sup>11</sup>.*

##### Stefna

- Landslagsheildir og fjölbreytileiki landslags verði vernduð.
- Stuðla skal að vernd lítt raskaðra landsvæða.

- Leitast verði við að varðveita sögu-, náttúru- og menningarminjar og bæta upplýsingar um þær.
- Mannvirkjagerð á verndarsvæðum leiði til eins lítillar röskunar og kostur er og álag á einstök svæði af völdum ferðamanna verði undir þolmörkum.
- Hugað verði að varðveislugildi, lagfæringu og viðhaldi á völdum minjum, t.d. fornum bæjarstæðum og samgöngumannvirkjum.
- Helstu minjar/minjasvæði verði felld undir hverfisvernd/minjavernd og skilgreind verndarákvæði fyrir þær.
- Endurheimt votlendis er æskileg þar sem því verður við komið.

### 2.8.1 Friðlýst svæði (FS)

*Samkvæmt gr. 6.3 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 þá eru friðlýst svæði „svæði á landi og í sjó sem eru friðlýst eða njóta verndar samkvæmt lögum, þ.e. náttúruvætti (sérstæðar náttúrumyndanir), friðlönd, þjóðgarðar og fólkvangar“.*

#### Almennir skilmálar

- Hverskonar athafnir eða framkvæmdir sem ganga gegn markmiðum friðlýsingar og geta skaðað verndargildi friðlýstra náttúrminja eru óheimilar.

Tvö friðlýst svæði er í Hvalfjarðarsveit.

**TAFLA 20.** Friðlýst svæði.

NR.	NAFN	LÝSING OG SKILMÁLAR
FS1	Grunnafjörður	Grunnafjörður var friðlýstur árið 1994 og er svæðið friðland. Tilgangur friðlýsingarinnar var að vernda landslag og lífríki svæðisins, sér í lagi fuglalíf sem er mjög auðugt. Friðlandið í Grunnafirði býr yfir fjölmörgum vistkerfabjónustum. Svæðið hefur að geyma frjósaman jarðveg og er hentugt búsvæði fyrir villtar plöntur og dýr. Svæðið er mikilvægt fyrir viðhald á líffræðilegum og erfðafræðilegum fjölbreytileika. Á svæðinu eru stundaðar veiðar og svæðið býr yfir fjölbreytni í náttúrulegum vistkerfum. Friðlandið hefur einnig mikið upplýsingagildi en það einkennist af fallegum landslagsþáttum, fjölbreytileika í landslagi sem býður upp á afþreyingarmöguleika t.a.m. hestamennsku. Grunnafjörður hefur að geyma menningarleg, listræn, andleg og söguleg gildi en margar þjóð- og munnmælasögur eru til um svæðið ásamt því að náttúra svæðisins hefur mikið vísinda- og menntunargildi. Stærð friðlýsta svæðisins er 1393,2 hektarar. Árið 1996 var svæðið samþykkt sem Ramsar svæði nr. 854. Svæðið hefur því verið verndað samkvæmt samþykkt um votlendi sem hefur alþjóðlegt gildi. Margir vaðfuglar, svo sem sendlingur, lóupræll, sandlóa og tjaldur byggja tilveru sína á lífríki leiranna. Í firðinum halda til margir æðarfuglar. Margæs hefur viðkomu í Grunnafirði á ferðum sínum frá meginlandi Evrópu til heimskautasvæðanna vor og haust en fjörðurinn er sérstaklega mikilvægur fyrir ýmsa fargesti auk margæsar, t.d. rauðbrýsting. Margar fuglategundir treysta á Grunnafjörð á veturna og má þar meðal annars nefna tjaldinn. Um ósinn synda laxar á leið í Laxá í Leirársveit. Fjörðurinn er eina Ramsar svæðið á Íslandi sem liggur að sjó. Stærð Ramsar svæðisins er um 1.470 hektarar.
FS2	Blautós	Blautós og Innstavogsnes var friðlýst árið 1999 og var tilgangur friðlýsingarinnar að vernda landslag og lífríki svæðisins, en þar er að finna auðugt fuglalíf. Svæðið er auðugt af fuglalífi og er vel gróðri vaxið. Margæsir hafast við í Blautósi og Innstavogsnesi á vorin og haustin. Það býr yfir fallegu landslagi og athyglisverðum jarðmyndunum. Svæðið

NR.	NAFN	LÝSING OG SKILMÁLAR
		er töluvert vinsælt útivistarsvæði. Stærð friðlýsta svæðisins er u.þ.b 295 ha. Svæðið er að mestu leyti innan marka Akraneskaupstaðar.

### 2.8.2 Önnur náttúruvernd – náttúruminjaskrá (ÖN)

*Samkvæmt gr. 6.3 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 eru önnur náttúruverndarsvæði „svæði svo sem jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Jafnframt svæði sem skilgreind eru í verndarflokki í verndar- og orkunýtingar-áætlun“.*

Eftirtalin svæði eru á náttúruminjaskrá og flokkuð sem aðrar náttúruminjar, lýsing á þeim er tekin úr Náttúruminjaskrá og vísa númerin til hennar. Svæði á náttúruminjaskrá eru sýnd á skýringaruppdrætti í viðauka VI við forsenduhefti.

#### Almennir skilmálar

- Birkiskógarvistkerfi er verndað skv. lögum um náttúruvernd. Einungis er heimilt að gróðursetja íslenskar trjategundir í birkiskóga og annan fjölæran gróður sem tilheyrir íslenskrri flóru.
- Stuðla skal að því að vistkerfi og ásýnd náttúrulegra birkiskóga innan sveitarfélagsins verði fyrir sem minnstri röskun.

**TAFLA 21.** Svæði á náttúruminjaskrá.

NR.	NAFN OG NR	LÝSING OG SKILMÁLAR
ÖN1	Hvalfjarðarströnd nr. 235	Strandlengjan frá Miðsandi út að Katanesi. Til austurs markast svæðið af athafnasvæði olíustöðvar og til vesturs

		af iðnaðarsvæði á Grundartanga. Fögur strandlengja með fjölbreyttu landslagi og ríku fuglalífi.
ÖN2	Melabakkar og Narfastaðaós nr. 236	Strandlengjan frá Súlueyri norður að Straumeyri ásamt Narfastaðaósi. Fjölbreyttar og lífauðugar fjörur. Stórfellt sjávarrof. Merkar jarðfræðiminjar frá lokum síðasta jökulskeiðs auk fornkelja. Mikið útivistar- og rannsóknargildi.
ÖN3	Hafnarskógur nr. 237	Hafnarskógur og landsvæði umhverfis. Til norðurs og austurs ráða hreppamörk Leirár- og Melahrepps og Skorradalshrepps að Katlaþúfu, þaðan bein lína til sjávar sunnan við Þjófakletta. Náttúrulegur birkiskógur í nágrenni þéttbýlis. Mikið útivistargildi.
ÖN4	Utanverður Borgarfjörður nr. 212	Fjörur og grunnsævi í Borgarfirði frá línu á milli Straumeyrar og Brákareyjar suður að Belgsholtshólma í Melasveit og vestur um Þórmóðssker að Álftanesi á Mýrum. Víðáttumikið grunnsævisvæði, leirur og fitjar með miklu fuglalífi. Utanverður Borgarfjörður hefur afar mikla þýðingu fyrir æðarfugl síðari hluta sumars.
ÖN5	Botnsdalur, Hvalvatn og Glymur nr. 201	Botnsdalur, Hvalvatn og Glymur (136), Hvalfjarðarstrandarhreppi, Borgarfjarðarsýslu. Lönd Litla- og Stóra-Botns, Hríakots, Ingunnarstaða, Þrándarstaða og Skorhaga. Svæðið tekur yfir fjörur í Botnsvogi og Botnsdal, allt upp fyrir Hvalvatn. Fagrir dalir, töluverður kjarrgróður. Mjög lífauðugar leirur, mikið fuglalíf. Glymur, hæsti foss landsins, er í Botnsá.

### 2.8.3 Minjavernd (MV)

*Í gr. 6.3 í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, er minjavernd skilgreind sem „svæði þar sem eru friðlýstar fornleifar og friðaðar fornminjar, hús og mannvirki sem njóta sjálfkrafa verndar á grundvelli aldurs þeirra samkvæmt lögum um menningarminjar“.*

Minjar hafa verið skráðar í hluta sveitarfélagsins á allöngum tíma. Forleifaskráningar voru unnar fyrir sveitarfélögin fyrir sameiningu þeirra, í Hvalfjarðarsveit árið 2006. Unnið er að samræmingu og

uppfærslu skráningarinnar samhliða yfirferð um hvort nýjar minjar hafi fundist. Við gerð deiliskipulags er mikilvægt að taka tillit til minja.

### Stefna

- Taka skal tillit til þekktra fornminja við skipulag landnýtingar.
- Hugað verði að varðveislugildi eldri húsa og mannvirkja. Skipulag stuðli að verndun sögulegra mannvirkja og annarra menningarlega mikilvægra fyrirbæra.
- Unnið verði að lagfæringu og viðhaldi á völdum minjum, í samráð við Minjastofnun Íslands.
- Helstu minjar/minjasvæði eru sett undir minjavernd og skilgreind verndarákvæði fyrir þær.
- Gamlar þjóðleiðir verði endurvaktar og nýttar sem göngu- eða reiðleiðir, eftir því sem hægt er.

### Almennir skilmálar

- Fornminjar njóta friðunnar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Friðun felur í sér sjálfkrafa verndun fornminja, húsa og mannvirkja á grundvelli aldurs þeirra skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012.
- Í lögunúmer kveðið á um að þeim minjum sem friðlýstar eru, skuli fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegum mörkum fornleifa og umhverfis nema kveðið sé á um annað í skrá Minjastofnunar Íslands. Komi minjar í ljós við framkvæmdir ber að stöðva verkið og tilkynna Minjastofnun Íslands sem úrskurðar hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

**TAFLA 22** Friðlýstar fornminjar skv. aðalskráningu fornminja<sup>12</sup>.

NR.	NAFN	LÝSING OG SKILMÁLAR
MV1	Belgsholt	Belgsholt. Garðlag og tóft. Fornleifa nr. 1780-491 til 492.
MV2	Arkarlækur	Leiðvallarþingstaður. Steinlögn og garðlag. Minjar nr, Fornleifa nr. 1780-449 til 453.
MV3	Kalastaðir	Kalastaðarkirkja og Kaladys. Garðlag, tóft og þúst. Fornleifa nr. 1780-1683 og 1685
MV4	Brenna	Porleifserfingi. Þúst. Fornleifa nr. 1780-653.
MV5	Litli-Sandur	Bláskeggsárbrú. Steinsteypa. Fornleifa nr. 1780-1900.
MV6	Þyrill	Blóthús. Tóft. Fornleifa nr. 1780-3047.

### Friðuð eða friðlýst hús og mannvirki

*Samkvæmt 29. gr. laga um menningarminjar, nr. 80/2012, þá eru öll hús og mannvirki sem eru eldri en 100 ára friðuð og er óheimilt að raska þeim, breyta, rífa eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar. Samkvæmt 31. gr. laganna er óheimilt að gera nokkrar breytingar á friðlýstu húsi eða mannvirki án vitundar Minjastofnunar Íslands.*

**TAFLA 23** Friðuð eða friðlýst hús og mannvirki.

NAFN	LÝSING OG SKILMÁLAR
Hallgrímskirkja	Kirkja byggð 1954-1957. Friðlýsingin tekur til ytra borðs kirkjunnar og kirkjuskips. Friðlýst 2014.
Leirárkirkja	Kirkja byggð 1914. Steinsteypt. Forkirkja reist 1950 og hún stækkuð 1973. Friðuð skv. aldursákvæði árið 1990.
Innri-Hólmskirkja	Timburkirkja reist 1891. Steypt utan á vegg og steinsteypt forkirkja reist 1953-1954. Friðuð skv. aldursákvæði árið 1990.
Kalastaðakot, verslunarshús	Verslunarhús í landi Kalastaðakots var byggt árið 1920. Húsið var í eigu Kaupfélags Hvalfjarðar. Húsið stendur á tanga niður við ströndina suður af bæjarstæði Kalastaðakots, en þar var fólk og vörur ferjað yfir Hvalfjörð áður en vegur var lagður fyrir fjörðinn árið 1931. Stuðlað verði að varðveislu mannvirkja og þau færð til upprunalegs horfs.
Hvítanes, íbúðarhús	Íbúðarhús í Hvítanesi var byggt árið 1869. Það er reist úr hlöðnum steinlímum veggjum. Stuðlað verði að varðveislu mannvirkja og þau færð til upprunalegs horfs.

### Verndun annarra húsa og mannvirkja

*Í 30. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 er fjallað um verndun annarra húsa og mannvirkja sem ekki eru friðuð eða friðlýst. Undir þetta falla mannvirki sem byggð voru 1925 eða fyrr og kirkjur sem reistar voru 1940 eða fyrr. Upplýsingar eru fengnar úr skráum Þjóðskrár.*

**TAFLA 24** Önnur hús og mannvirki sem njóta verndar.

NAFN	LÝSING OG SKILMÁLAR
	Ath. hús/kirkjur sem þau vilja vernda yngri en 100
	Reynisrétt undir Akrafjalli

### 2.8.4 Hverfisvernd (HV)

*Samkvæmt gr. 6.3 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 þá eru hverfisverndarsvæði „svæði þar sem sveitarstjórn hefur sett ákvæði um hverfisvernd til að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningar-sögulegra minja, náttúruminjar, landslag eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum“.*

#### Stefna

- Stefnt er á endurheimt votlendis þar sem því verður við komið og vernda með því líffræðilega fjölbreytni, en votlendi eru mikilvæg búsvæði fyrir fjölmargar plöntur og lífverur. Votlendissvæði hafa jafnframt mikið menningar-, fræðslu- og rannsóknargildi.

#### Almennir skilmálar

- Þar sem vötn eða tjarnir eru undir hverfisvernd nær verndin að lágmarki til 50 m beltis frá vatnsbakka.
- Framræsla votlendis á hverfisverndarsvæðum er óheimil.
- Halda skal byggingarframkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.
- Forðast skal að raska vistgerðum með mjög hátt verndargildi, sem ná yfir 2 ha eða stærra svæði.

Yfirlit yfir þau hverfisverndarsvæði sem auðkennd eru á skipulagsuppdrætti er tekið saman í töflu hér að neðan. Þar kemur einnig fram hvaða þættir standa á bak við verndargildi þeirra:

**TAFLA 25** Hverfisverndarsvæði.

NR.	NAFN	LÝSING OG SKILMÁLAR
HV1	Jökulgarðar sunnan Blákolls	Jökulgarðar í landi Fiskilækjar, Skorholts og Narfastaða. Jökulgarðarnir eru umfangsmiklir og bera vitni um jarðfræðisögu svæðisins. Jökulgarðarnir skulu varðveittir í sem heillegastri mynd. Mannvirkjagerð á svæðinu er leyfð svo fremi sem framkvæmdin raski ekki landformi. Efnistaka er óheimil.
HV2	Strandsvæði Borgarfjarðar að Innvogsvæði	Víðáttumikið grunnsævisvæði, leirur og fitjar með miklu fuglalífi. Melabakkar eru sérstæð, veggbrött, allt að 30 metra há jarðvegslög, sem liggja meðfram fjörunni við Borgarfjörð, aðskilin frá sjó með stórgrýttu flæðarmáli. Þeir eru mikilvægir í jarðsögulegum skilningi þar sem þeir og grýtt fjaran bera merki stórfellds áflæðis af völdum sjávar í gegnum tíðina. Svæðið hefur mikið útivistar- og rannsóknargildi. Innvogsvæði er auðugt af fuglalífi og er vel gróðri vaxið og er hentugt til útivistar og fræðslu. Hluti svæðisins er á náttúrminjaskrá. Einungis er heimild mannvirkjagerð til að bæta aðgengi til útivistar eða vegna rannsókna. Mannvirkjagerð er þó ekki leyfð á Melabakka, né neinar framkvæmdir sem raskað geta landformi eða útivistargildi svæðisins. Heimilt er að fara í bakkavarnir til að verjast ágangi sjávar.
HV3	Eiðisvatn	Á svæðinu umhverfis vatnið er gert ráð fyrir endurheimt votlendis með því að draga úr afrennsli úr vatninu og eftir atvikum með lokun framræsluskurða. Markmiðið með endurheimt votlendis er að tengja Ramsar svæði í Grunnafirði við Eiðisvatn og að á svæðinu verði skapaðar góðar aðstæður fyrir verndun líffræðilegrar fjölbreytni og fuglalíf verði auðugt. Gert er ráð fyrir lagningu göngu-, reið og- og hjólastígs meðfram Eiðisvatni. Svæðið verður fyrst og fremst nýtt til útivistar auk þess sem gert er ráð fyrir að stígurinn nýtist íbúum til atvinnusóknar. Heimilt er að sækja vatn

<sup>13</sup> (Umhverfisráðuneytið 1999).

NR.	NAFN	LÝSING OG SKILMÁLAR
		í Eiðisvatni til notkunar á Grundartangasvæðinu sé þess þörf.
HV4	Strandlengjan frá Miðsandi út að Katanesi.	Til austurs markast svæðið af athafnasvæði olíustöðvar og til vesturs af athafnasvæði járnblendiverksmiðju. Fögur strandlengja með fjölbreyttu landslagi og ríku fuglalífi. Hluti svæðisins er á náttúrminjaskrá. Heimilt er að leggja göngu-, reið og hjólastíg meðfram strandlengjunni.
HV5	Frá Helguskarði inn í Hvalfjarðarbotn	Hluti svæðisins er á náttúrminjaskrá. Þyrilsnes. Fögur strandlengja með fjölbreyttu landslagi og ríku fuglalífi, sérstaklega á leirum í botni Hvalfjarðar. Efnistaka er í sjó vestan Þyrilsnes. Hluti svæðisins er á náttúrminjaskrá.

### 2.8.5 Vatnsvernd (VB)

Í gr. 6.3 í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, eru vatnsverndarsvæði skilgreind sem „svæði sem heilbrigðisnefnd sveitarfélags hefur ákvarðað sem vatnsverndarsvæði umhverfis hvert vatnsból, annars vegar grannsvæði (VG) og hins vegar fjarsvæði (VF) sbr. reglugerð um neysluvatn“.

13

#### Stefna

- Áhersla er lögð á nægt framboð af neysluvatni fyrir íbúa og atvinnustarfsemi.
- Vatnsgæði verða metin í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands og tryggð til framtíðar.

## Almennir skilmálar

- Vatnsból skulu vera afgirt.
- Engar framkvæmdir eða starfsemi sem ógnað geta brunnsvæðum verða leyfðar í nágrenni þeirra.

Vatnsból eru sýnd á uppdrætti og þau vatnsból sem eru hnitsett og/eða hafa starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands eru tilgreind sérstaklega.

Grannsvæði og fjarsvæði vatnsbóla eru í flestum tilfellum sýnd á skipulagsuppdrætti og um heimildir innan vatnsverndarsvæða gilda ákvæði reglugerðar.

**TAFLA 26** Vatnsból.

NR.	NAFN	LÝSING OG SKILMÁLAR
VB1	Bjarteyjarsandur	Bjarteyjarsandur I, II og III auk frístundasvæðis.
VB2	Brekka	Brekka auk frístundasvæðis.
VB3	Efra-Skarð	Einkaveita.
VB4	Eyri	Einkaveita.
VB5	Ferstikla	Ferstikla I og II.
VB6	Geitaberg	Geitaberg I og II.
VB7	Grafardalur	Einkaveita.
VB8	Ferstikla II	Vatnsból fyrir Hlíðarbæ, Oddsmýri og Hlaðir.
VB9	Hlíðarfótur	Einkaveita.
VB10	Hóll	Hóll I, II og III.
VB11	Hrafnabjörg	Hrafnabjörg I og II og Leynir.
VB12	Kalastaðakot	Einkaveita.
VB13	Kalastaðir	Kalastaðir I og II auk frístundasvæðis.
VB14	Kambshóll	Einkaveita.
VB15	Kambshóll 2	Einkaveita.

NR.	NAFN	LÝSING OG SKILMÁLAR
VB16	Litli-Botn	Frístundasvæði fyrir Litla Botnsland.
VB17	Mið-Sandur	Vatnsból fyrir Hjálmsstaði.
VB18	Mið-Sandur	Vatnsból fyrir atvinnustarfsemi.
VB19	Saurbær	Einkaveita.
VB20	Svarfhóll	Einkaveita.
VB21	Þórisstaðir	Einkaveita.
VB22	Þyrill	Einkaveita.
VB23	Vatnaskógur	Einkaveita.
VB24	Saurbær	Vatnsból fyrir Hótel Glym.
VB25	Hlíðarfótur	Vatnsból Norðuráls.
VB26	Tunga	Vatnsból Grundartangaveitu fyrir Tungu, Hurðarbak, Hlíð, Eystra-Miðfell, Katanes, Vogatungu og Beitistaði, ásamt Melahverfi og Laxárbakka.
VB27	Belgsholt	Belgsholt og Belgsholt II.
VB28	Eystri- og Vestri Leirárgarðar	Bjarkarás og Eystri og Vestri Leirárgarðar.
VB29	Fiskilækur	Einkaveita.
VB30	Geldingaá og Björk	Vatnsból í landi Geldingaár.
VB31	Hávarsstaðir	Hávarsstaðir I og II.
VB32	Höfn	Höfn I, II og III.
VB33	Leirá	Vatnsból fyrir Leirá, Heiðarskóla og Heiðarborg.
VB34	Geldingaá	Vatnsból fyrir Lyngholt, Læk og Skipanes.
VB35	Fiskilækur	Vatnsból fyrir Mela og Melaleiti.
VB36	Hávarsstaðir	Neðra-Skarð, Steinholt og Melkot.
VB37	Skorholt	Skorholt, Bakki, Eystra-Súlunes og Ás.
VB38	Hafnarfjall	Vatnsveita Borgarness,
VB39	Akralækur	Arkalækur og Stórholt I og II.
VB40	Bekansstaðir	Einkaveita.
VB41	Fellsendi	Einkaveita.
VB42	Galtarvík	Galtarvík, Hlésey, Glóra, Dalvík og Aðalvík.
VB43	Gröf	Gröf I og II og Melhagi.

NR.	NAFN	LÝSING OG SKILMÁLAR
VB44	Hvítanes	Hvítanes I og II.
VB45	Kjalardalur	Einkaveita.
VB46	Litla-Fellsöxl	Einkaveita.
VB47	Ós	Vatnsból fyrir Ós og Akraneskaupstað.
VB48	Slaga	Vatnsból fyrir Akraneskaupstað
VB49	Slaga	Tvö vatnsból fyrir Akraneskaupstað.
VB50	Vestri-Reynir	Vatnsból fyrir Heysnes I og II, Hríshól, Kjaransstaðir I og II og Ytri-Hólm I og II.
VB51	Eystri-Reynir	Vatnsból fyrir Eystri- og Vestri-Reyni og Móa.
VB52	Eystri-Reynir	Vatnsból fyrir Miðhús og Vík.
VB53	Skálatangi I og II	Vatnsból í landi Eystri Reynir. Þjónustar Skálatanga og Skálavík.
VB54	Gerði	Vatnsból fyrir Gerði, Hnúk, Másstaði, Velli og Þaravelli.
VB55	Innri-Hólmur	Vatnsból fyrir Innri-Hólm og Kirkjuból.
VB56	Kúludalsá	Kúludalsá I, II og Lambalækur.

### 2.8.6 Vatnsvernd á strandsvæðum við ár, vötn og sjó (VS)

*Í gr. 6.3 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 er vatnsvernd á strandsvæðum við ár, vötn og sjó skilgreind sem „svæði þar sem langtímamarkmið um ástand vatns hefur verið skilgreint samkvæmt reglugerð um varnir gegn mengun vatns og svæði sem njóta heildstæðrar verndar samkvæmt sérlögum“.*

Í reglugerð nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns, er kveðið á um að gera skuli grein fyrir langtímamarkmiði fyrir vötn í svæðis- og aðal-skipulagi. Grunnvatn og yfirborðsvatn skal flokkað eftir forsendum 9. og 10. greinar reglugerðarinnar í eftirtalda flokka:

- Flokkur A: Ósnortið vatn.
- Flokkur B: Lítið snortið vatn.
- Flokkur C: Nokkuð snortið vatn.
- Flokkur D: Verulega snortið vatn.
- Flokkur E: Ófullnægjandi vatn.

Umhverfisstofnun hefur sett fram drög að Vatnaáætlun 2022-2027 en þar eru vatnasvæði flokkuð eftir ástandi þeirra. Búið er að meta ástand vatns innan vatnasvæðisins.

Árið 2019 var gerð forgangsefnaþingmælingar þ.á.m. Eiðisvatni vegna mögulegrar efnamengunar. Út frá þeim mælingum var hægt að aflétta óvissu af vatnshlotinu Eiðisvatni<sup>14</sup>. Fylgst hefur verið með uppsöfnun varasamra efna í kræklingi, á svokölluðum OSPAR-stöðvum þ.á.m. í Hvalfjarðarbotni og munu þær sýnatökur einnig tilheyra vöktunarneti stjórnar vatnamála.

Skv. drögum UST (apr. 2021) eru engin svæði metin í óvissu eða hættu innan Hvalfjarðarsveitar.

#### Stefna

- Að grunnvatn og yfirborðsvatn verði í flokki A skv. reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999, m.s.br.

<sup>14</sup> (Umhverfisstofnun 2021b).

## 2.9 Náttúruvá (NV)

*Í grein 6.3 í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013 er „svæði þar sem hættu er talin af náttúruhamförum, s.s. snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum jarðskjálftum, eldvirkni eða veðurfari (ofviðri)“.*

Ekki er búið að vinna eiginlegt ofanflóðamat fyrir sveitarfélagið. Verkfræðistofan EFLA hefur tekið saman minnisblað þar sem gerð er grein fyrir mögulegum hættusvæðum vegna skriðufalla (sjá V í viðauka í forsendum). Hættusvæði hafa ekki verið kortlögð í sveitarfélaginu og eru því ekki sýnd á skipulagsupprætti.

### Stefna

- Byggð verði utan mögulegra hættusvæða vegna ofanflóða.
- Vinna skal viðbragðsáætlun vegna mögulegra kjarr- og skógarelda, auk þess sem gera skal grein fyrir mögulegum flóttaleiðum í deiliskipulagi, þar sem þess er þörf og skal henni lokið eigi síður en í árslok 2022.

### Eftirfarandi gildir um byggingar á hættusvæðum vegna vatnsflóða

- Þar sem hættu er á sjávarflóðum, öldugangs og annarskonar vatnsflóða þarf að huga vel að undirlagi bygginga og að lágmarks gólfkóti verði hærri en flóðahæð.
- Ekki er heimilt að vera með kjallara á þekktum flóðasvæðum.

### Almennir skilmálar

- Við staðsetningu nýrra íbúðar- og frístundahúsa nærri mögulegum ofanflóðasvæðum skal haft samráð við Veðurstofuna og eftir atvikum vinna hættumat vegna ofanflóða.

- Veita skal upplýsingar til íbúa varðandi náttúruvá og viðbragðsáætlanir gegn þeim.
- Þar sem talin er hættu vegna sjávarflóða skal leitað álits Siglinga-deildar Vegagerðarinnar.

## NIÐURSTAÐA UMHVERFISMATS ÁÆTLANA

### 3.1 Loftlagsmál

Áhrif stefnunnar á loftslagsmál og bindingu kolefnis eru á heildina litið jákvæð. Víða í stefnunni er að finna aðgerðir til að binda kolefni og eins til að draga úr losun þess til lengri tíma litið. Losun vegna notkunar eldsneytis í samgöngum er mjög stór þáttur í sveitarfélaginu. Losun gróðurhúsalofttegunda er hlutfallslega mikil innan Hvalfjarðarsveitar vegna stóriðju, og gæti jafnvel verið stærsti losunarþáttur gróðurhúsalofttegunda innan sveitarfélags. Helstu tegundir mengunarefna eru flúor og brennisteinn en þeir þættir hafa verið vaktaðir og eru undir viðmiðunarmörkum og fara ekki yfir heilsuverndarmörk. Losun brennisteins frá ál- og kísilmálframleiðslu er um 1800 tonn á ári, skv. heimasíðu Umhverfisstofnunar<sup>15</sup> og nokkur hluti þessarar losunar er frá Grundartangasvæðinu.

Unnið er að heildarstefnumörkun fyrir iðnaðarsvæðið á Grundartanga, m.a. hvað varðar umhverfismál. Auk þess sem gert er ráð fyrir því í reglugerð 550/2018 að viðmiðunarmörk fyrir losun mengandi efna skuli miða við losunarstað, þ.e. að þynningarsvæði iðnaðarstarfsemi verði afnumin, þótt heimilt verði við sérstakar aðstæður að veita undanþágu frá því. Sveitarstjórn telur að Grundartangasvæðið geti orðið fyrirmynd annarra iðnaðarsvæða á landinu í umhverfismálum og þannig stutt við og laðað að fjölbreyttari atvinnustarfsemi með lágmarks umhverfisáhrif.

---

<sup>15</sup> (Umhverfisstofnun 2021a)

### 3.2 Strandsvæði – Hverfisvernd

Á heildina litið eru áhrifin metin jákvæð þar sem stuðlað er að viðhaldi vistkerfa og sjálfbærri nýtingu auðlinda á strandsvæðum. Lífríki og náttúra strandsvæða er vernduð og styrkt og unnið gegn þeim hættum sem ógna henni. Fjaran verður að einhverju leiti aðgengileg til útivistar, í samráði við landeigendur. Ekki er talin ástæða til að meta áhrif stefnunnar ítarlegar, enda gera landslög, heimsmarkmið og fleiri stefnumið stjórnvalda grein fyrir verndun strandsvæða og að forðast skuli uppbyggingu á þeim svæðum.

#### 4.1 Breikkun Vesturlandsvegur og bættar samgöngur

Sveitarstjórn er hlynnt því að breikka Vesturlandsveg og bæta vegtengingar. Við breikkun Vesturlandsvegur með aðskildri akstursstefnu, batnar umferðaöryggi í sveitarfélaginu verulega og umferð verður greiðari. Breytingin bætir verulega öryggi innan sveitarfélags þar sem mikið er um hættuleg gatnamót, sérstaklega á kaflanum frá Akranesafleggjara að afleggjara inn á Melasveitarveg. Nýr tengivegur mun bæta til muna öryggi og bæta samgöngur milli Melahverfis og grunnskólans auk þess mun stór hluti sveitarfélagsins getur tengst skólanum og Melahverfinu án þess að fara um Vesturlandsveg. Með nýjum 6 km hliðarvegi er hægt að hafa 5 km kafla Vesturlandsvegur án vegtenginga. Samhliða nýjum hliðarvegi munu hjóla og reiðleiðir flytjast af/frá Vesturlandsvegi. Ókostir nýrra vegtenginga eru að nýtt svæði er brotið undir veg, auk þess sem aðkoma að ákveðnum bæjum gæti breyst, komið úr norðri. Einnig verða áfram fjölfarnar tengingar af

Vesturlandsvegi, s.s. við Grundartanga, á Hafnarmelum og undir Hafnarfjalli og þarf að leysa það til framtíðar.

### **5.1 Landbúnaðarsvæði**

Sveitarfélagið vill stuðla að uppbyggingu í sveitarfélaginu og fjölga íbúum með fjölbreyttari búsetumöguleikum en áhersla er á rúmar lóðir í dreifbýli en að minni lóðum og þéttari byggð verðu fremur beint inn í þéttbýlið. Með ljósleiðaratengingu og bættum samgöngum eru möguleikar á minniháttar atvinnustarfsemi eða fjarvinnu mun betri. Settir eru skilmálar fyrir frekari uppbyggingu á landbúnaðarlandi og er markmiðið að vernda besta landbúnaðarlandið til áframhaldandi matvælaframleiðslu.

### **6.1 Efnistökusvæði**

Framkvæmdin mun hafa áhrif að einhverju leyti á nánast alla umhverfispætti á framkvæmdartíma en með aukinni umhverfisvitund hafa kröfur á efnistökusvæði aukist bæði á rekstrartíma og að framkvæmdartíma loknum.

### **7.1 Þéttbýli**

**TAFLA 27** Umhverfisþættir

UMHVERFIS ÞÁTTUR	ÁHRIF	RÖKSTUÐNINGUR	NEIKVÆTT
Samfélag	+	Áhersla að klára að byggja reitir áður en hafist er handa við byggingu nýrra reita. Með þessari stefnu er verið að leitast við að nýta betur vannýtt svæði og tryggja betri þéttleika með áherslur á sjálfbærni. Áhersla á bættar almenningssamgöngur og öflugt stígakerfi eykur sjálfbærni og dregur úr útblæstri. Bætt inn strandsvæði til að viðhalda vistkerfum og bæta aðgengi til útivistar.	
Heilsa og öryggi	+	Þar sem þéttbýlið er fært niður fyrir Innisveginn og góðar göngu- og hjólatengingar eru til staðar við Akranes því ætti ferðaþörf einkabílsins að minnka. Með bættri aðgengi að fjörunni og góðu stígakerfi er verið að veita íbúum gott aðgengi að fjölbreyttri útivist til heilsueflingar en um leið að gera samgöngukerfið aðlagandi fyrir vistvæna ferðamáta. Í stefnunni er áhersla á og skilmálar um aðgerðir til að sporna við loftlagsáhrifum má þar nefna sjóvarnir og skilmálum um flóðasvæði á deiliskipulagsstigi.	
Loft	+	. Í megindráttum þá er stefnan fyrir svæðið jákvæð m.t.t. loftlagsáhrifa. Verið er að stefna að betri landnýtingu, góðum samgöngutengingum með áherslu á vistvæna ferðamáta	
Gróður og dýralíf	+	Afmarkað strandsvæði til að viðhalda vistkerfum og bæta aðgengi til útivistar í fjörunni. Fjaran að einhverju leiti aðgengileg en mögulega gæti þurft að bæta aðgengi í samráði við landeigendur. Um er að ræða kletta eða lítt gróin sandsvæði sem eru tilvalin til útivistar. Mikið fuglalíf er í fjörunni og fjölbreyttur fjörugróður og því mikilvæg búsvæði lífvera. Þá er framleiðni sjávar mjög mikil á strandsvæðum. Útivistargildi strandlengjunnar er ótvírætt mjög mikið.	

UMHVERFIS ÞÁTTUR	ÁHRIF	RÖKSTUÐNINGUR	NEIKVÆTT
Náttúr- og Menningarminjar	+	Ekki hefur verið unnið að skráningu menningarminja sérstaklega en áhersla er í stefnunni á að varðveita minjar. Strandsvæðið er allt í sér landnotkunarflokki sem skerpir enn betur á sérstöðu fjörunnar og stefnu sveitarfélagsins að varðveita hana og stuðla að góðu aðgengi sem og að verja hana.	
Samantekt áhrifa	+	Stefnan er talin hafa jákvæð áhrif á Krossland og umhverfi þess.	

## SKIPULAGSFERLI

### 8.1 Skipulagslýsing

Skipulagslýsing fyrir Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2020-2032 var kynnt frá 19. júlí til 30. ágúst 2019. Einnig var hún send lögbundnum umsagnaraðilum til umsagnar. Skipulagslýsing og áherslur sveitarstjórnar voru kynntar á heimasíðu sveitarfélagsins og auglýstar. Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum: Bláskógabyggð, Skorradalshreppi, Reykjavíkurborg, Ólafi H. Ólafssyni, Landsneti, Minjastofnun Íslands, Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Vegagerðinni, Veðurstofu Íslands og Skipulagsstofnun.

Helstu athugasemdir eða ábendingar við skipulagslýsingu voru eftirfarandi:

- Bent er á að sveitarfélagið er einn helsti notandi raforku á landinu og þar liggja nokkrar af mikilvægustu flutningslínur raforkukerfisins. Mikilvægt að tekið sé mið af gildandi Kerfisáætlun við mótun skipulagstillögunnar.
- Við mótun skipulagstillögu þarf að skoða hvernig stefna samræmist almennum markmiðum laga um náttúruvernd nr. 60/2013.
- Mörkuð verði skýr stefna varðandi atvinnuuppbyggingu í tengslum við iðnað, ferðaþjónustu og landbúnað samhliða endurskoðun á stefnu um íbúðar- og frístundabyggð, samgöngur og verndarsvæði.

- Gera þarf grein fyrir forsendum varðandi þörf fyrir íbúðarhúsnæði. Gerð verði grein fyrir núverandi stöðu húsnæðismála, skipulögðum en óbyggðum íbúðarsvæðum og setja þetta í samhengi við áætlaða íbúðarþörf.
- Gera þarf grein fyrir forsendum varðandi þörf fyrir ný verslunar- og þjónustusvæði, athafna og iðnaðarsvæði. Gerð verði grein fyrir núverandi skipulögðum en óbyggðum svæðum.
- Gera þarf grein fyrir ef heitum á þéttbýliskjörnum hefur verið breytt frá gildandi aðalskipulagi.
- Gera þarf grein fyrir hvaða aðferð var beitt við flokkun landbúnaðarlands.
- Gera þarf grein fyrir hvernig áætlanir sem tilgreindar eru í töflu yfir tengsl við aðrar áætlanir tengjast endurskoðuninni efnislega.
- Gera þarf grein fyrir hvernig skipulagstillaga styður við landsskipulagsstefnu 2015 – 2026, einkum varðandi markmið í kafla 2.
- Tilefni er til að móta stefnu um loftslagsmál, landslag og lýðheilsu sem eru viðfangsefni viðauka við landsskipulagsstefnu 2015 – 2026.
- Bent er á að innan sveitarfélags eru jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. grein laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Forðast ber að raska þessum jarðmyndunum nema fyrir því liggja mjög ríkir almannahagsmunir. Mikilvægt er að í skipulagstillögunni sé að finna stefnu varðandi vernd þeirra jarðmyndana sem falla undir þessa grein laganna.
- Bent er á að mikilvægt er að mörkuð sé stefna um verndun vistgerða með hátt verndargildi og um búsvæði fugla.

- Bent er á að mikilvægt er að mörkuð sé stefna um verndun tegunda sem eru í hættu og um verndun selalátra.
- Bent er á að NÍ hefur sett fram tillögur að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár. Í tillögunum er svæði sem kallast Hvalfjörður og verði tillaga stofnunarinnar samþykkt getur það haft áhrif á verndarstöðu svæðisins. Forsendur fyrir vali á svæðinu tengist einkum fjölbreyttum vistgerðum, einkum kræklingaleirum.
- Bent er á mikilvægi þess að landbúnaður og skógrækt hafi ekki neikvæð umhverfisáhrif á lífríki, náttúru, náttúruverndarsvæði, mikilvæg búsvæði og vistkerfi sem njóta verndar.
- Marka þarf stefnu um uppbyggingu frístundasvæða og tilheyrandi þjónustu innan þeirra. Útþensla frístundasvæða er ein helsta ógnin sem steðjar að náttúrulegum birkiskógum.
- Bent er á að efnistaka skuli vera utan náttúruverndarsvæða og svæða þar sem eru jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta verndar. Öll efnistökusvæði skulu hafa framkvæmdaleyfi.
- Bent er á að við næstu útgáfu starfsleyfa fyrir starfsemi á Grundartanga þá verða felld niður ákvæði um þynningarsvæði.
- Bent er á mikilvægi þess að huga að náttúruvá við skipulagsgerðina.

## 8.2 Samráð og kynning

Meðan á skipulagsvinnunni stóð var fundað reglulega með vinnuhópi sveitarstjórnar. Einnig var fundað með ýmsum starfsmönnum sveitarfélagsins, hagsmunaaðilum og haldnir íbúafundir. Haldnir voru fundir með skipulagsráðgjöfum ásamt fulltrúum sveitarstjórnar og

kjörinna nefnda eftir því sem við á. Yfirlit yfir helstu fundi má sjá hér fyrir neðan:

### Fundir nefnda:

Apríl 2019: Fundað með stýrihóp. Tilhögun vinnu og áherslur.

Maí 2019. Fundað með stýrihóp ásamt fulltrúum frá Vegagerðinni.

Júní 2019: Fundað með stýrihóp. Samgöngur / Lýsing.

Ágúst 2019: Fundað með stýrihóp. Stefnumörkun

Október 2019. Fundað með stýrihóp. Stefnumörkun

Maí 2019. Fundað með Vegagerðinni. Rætt almennt um samgöngur í sveitarfélaginu, lýsingu, breikkun Suðurlandsvegur, umferðaröryggi, námur o.fl.

Nóvember 2019: Fundað með Vegagerðinni, en alls hafa verið haldnir 3 fundir með Vegagerðinni vegna hugmynda um nýja veglínur.

Desember 2019: Fundað um vatnsöflun/vatnsvernd.

Janúar 2020: Fundað var með Faxaflóahöfnum og farið yfir þær áherslur sem þeir hafa varðandi áframhaldandi starfsemi á Grundartanga.

Febrúar 2020: Fundað með Umhverfisstofnun, Faxaflóahöfnum Vegagerð og Landgræðslunni. Rætt um Faxaflóahafnir og þynningarsvæði vegna starfsemi á Grundartanga, endurheimt votlendis og breytta veglínunni o.fl. Mars 2020: Fundað með sveitarstjórn. Flokkun landbúnaðarlands kynnt og Vegir í náttúru Íslands. Farið yfir stöðu gagna.

Apríl 2020: Tveir fjarfundir með stýrihóp. Stefnumörkun

Apríl 2020: Fjarfundur með Veitum vegna vatnsöflunar í sveitarfélaginu.

Ágúst 2020: Fundað með stýrihóp. Stefnumörkun

Október 2020: Fundað með stýrihóp. Stefnumörkun

Desember 2020. Kynning á gögnum. Stefnumörkun

Febrúar 2021. Fundur með sveitarstjórn, Vegagerð og starfsmönnum Vegagerðarinnar. Efla kynni nýja veghugmynd.

### **8.3 Samráð við stofnanir og aðliggjandi sveitarfélög**

Í samræmi við skipulagsreglugerð var haft samráð við eftirfarandi stofnanir:

- Faxaflóahafnir
- Fornleifavernd ríkisins
- Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
- Landgræðslan
- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Vegagerðin
- Skógrækt ríkisins
- Veitur

Fundað var með þessum aðilum og gert grein fyrir aðalskipulagsvinnunni

### **8.4 Kynning aðalskipulagstillögu**

Aðalskipulagstillagan var kynnt á ..... og var kynningin til ..... 2021 og send til lögbundinna umsagnaraðila. Helstu umsagnaraðilar voru eftirtaldir:

### **8.5 Auglýsing skipulagstillögu**

Tillagan var send til lögbundinna umsagnaraðila á kynningar- og auglýsingatíma.

Tillaga var auglýst frá ..... til .....

Umsagnir og/eða athugasemdir bárust frá:

## HEIMILDIR

- Alþingi. 2019a. *Samgönguáætlun 2020-2034*.  
<https://www.althingi.is/altext/150/s/1944.html>.
- . 2019b. „Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun 2020-2034“. 2020 2019.  
<https://www.althingi.is/altext/150/s/0599.html>.
- . 2019c. „Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun 2020-2034“. 2020 2019.  
<https://www.althingi.is/altext/150/s/0599.html>.
- . e.d. *Skipulagslög*. Sótt 11. september 2019.  
<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2010123.html>.
- Alþingi Íslands. 2007. „Vegalög nr. 80/2007“. 2007.  
<http://www.althingi.is/lagas/142/2007080.html>.
- . 2015. *Lög um náttúruvernd nr. 60/2013*. Iceland.
- Einar Ó. Þorleifsson. e.d. *Alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði: Grunnafjörður og Blautós. Fuglar*. <https://www.ni.is/node/16114>.
- Skipulagsstofnun. 2016. „Landsskipulagsstefna 2015-2026“. Skipulagsstofnun. [https://www.landsskipulag.is/media/pdf-skjol/Landsskipulagsstefna2015-2026\\_asamt\\_greinargerð.pdf](https://www.landsskipulag.is/media/pdf-skjol/Landsskipulagsstefna2015-2026_asamt_greinargerð.pdf).
- Steinsholt sf. 2014. „Suðurlendið - Rammaskipulag“.
- Umhverfisstofnun. 1999. „Reglugerð um varnir gegn mengun grunnvatns nr. 796/1999“. 1999.  
<http://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/umhverfis--og-audlindaraduneyti/nr/4482>.

- Umhverfisstofnun. 2021a. „Losun gróðurhúsalofttegunda“. Umhverfisstofnun. 2021.  
<https://ust.is/loft/losungrourhusalofrttegunda/-losun-fra-vidskiptakerfi-esb/>.
- . 2021b. „Vatnaáætlun fyrir Ísland 2022-2027. Drög til kynningar“. Umhverfisstofnun. [https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Vatna%C3%A1%C3%A6tlun%202022-2027\\_DR%C3%96G.pdf](https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Vatna%C3%A1%C3%A6tlun%202022-2027_DR%C3%96G.pdf).
- Vegagerðin. 2019. „Vegaskrá“. 2019.  
<http://www.vegagerdin.is/vegakerfid/vegaskra/>.